

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2025–2028



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
12. desember 2024
hafnarfjordur.is



Hafnarfjörður

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Forsendur áætlunar 2025–2028	5
Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	10
Fjölskyldu- og barnamálasvið	13
Mennta- og lýðheilsusvið	21
Menningarmál	32
Brunamál og almannavarnir	37
Hreinlætismál	38
Skipulags- og byggingarmál	39
Umferðar- og samgöngumál	41
Umhverfismál	42
Sameiginlegur kostnaður	43
Eignasjóður	46
Vatnsveita	49
Fráveita	50
Húsnæðisskrifstofa	51
Hafnarfjarðarhöfn	53
Framkvæmdaáætlun 2025	55



Inngangur

Hafnarfjörður er síngur bær sem tengir saman sögu fortíðar og tækifæri framtíðar. Gott mannlíf, öflugt atvinnulíf og blómleg þjónusta er það sem einkennir Hafnarfjörð. Jöfn og þétt uppbygging á sér nú stað í Hamranesi, Skarðshlíð og Áslandi þar sem fjölbreytt hverfi og íbúasvæði eru sífellt að taka á sig skýrari mynd. Mikil uppbygging er að hefjast í Óseyrarhverfi og svæðinu sunnan hafnarinnar sem býður upp á nýja og spennandi búsetumöguleika á næstu árum. Við Flensborgarhöfn hefur nú verið samþykkt deiliskipulag blandaðrar byggðar sem tengir höfnina við miðbæjarsvæðið með samspili íbúða, þjónustukjarna og fráberrar aðstöðu fyrir báta og siglingar. Fyrirhugaður flutningur Tækniskólans á hafnarsvæðið mun styrkja mannlífið á svæðinu enn frekar. Í miðbænum sjálfum er í fullum gangi uppbygging íbúða og þjónustu, þ.á.m. nýs bókasafns Hafnarfjarðar.

Mannlíf í Hafnarfirði stendur í miklum blóma og Hafnfirðingar þurfa ekki að leita langt þegar kemur að menningu og skemmtun. Hátíðir í bænum laða til sín gesti í tugþúsunda tali, hvort sem það er Hjarta Hafnarfjarðar að sumri eða Jólabærinn að vetri. Þess á milli er ávallt hægt að velja úr fjölbreyttum möguleikum í menningarlífi og afþreyingu. Markmiðið er að efla þennan þátt mannlífsins enn frekar með markvissri uppbyggingu á næstu árum.

Atvinnulíf í Hafnarfirði hefur aldrei verið öflugra og sækjast sífellt fleiri fyrirtæki, stór og smá, eftir því að flytja starfsemi sína til Hafnarfjarðar. Ný atvinnuhverfi hafa orðið til undanfarin ár og enn fleiri eru að rísa sem gefur fyrirtækjum tækifæri til þess að nýta sér þá hagstæðu rekstrarumgjörð sem sköpuð hefur verið fyrir atvinnustarfsemi í Hafnarfirði.

Fjárhagsleg staða Hafnarfjarðar er góð og er áætlað að skuldavæðmið sveitarfélagsins verði 92,5% í árslok 2025. Lögð er áhersla á að halda álögum á íbúa áfram hóflegum. Útsvarsprósenta verður óbreytt og álagningarprósenta fasteignaskatta verður sú sama milli ára þannig að fasteignagjöld muni lækka að raungildi milli ára að meðaltali. Skattprósenta á atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði er sem fyrr ein sú lægsta á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstrarumhverfi sveitarfélaga er almennt krefjandi um þessar mundir, þar sem þau hafa á undanförunum árum tekið að sér aukna félagslega þjónustu án þess að fjármagn hafi fylgt frá ríkinu. Brýnt er að þetta misræmi verði lagað sem fyrst.

Á árinu 2025 er stefnt að því að fjárfesta fyrir um 9,7 milljarðar króna. Þar af eru teknir frá fjármunir vegna fyrirhugaðra kaupa á knatthúsinu Skessunni sem er í eigu Fimleikafélags Hafnarfjarðar. Samningar þess efnis eru þó ekki frágengnir. Lögð er áhersla á forgangsroðun í grunnþjónustu, svo sem skólamálum, umhverfismálum, samgöngum, íþróttaaðstöðu og húsnæðis- og veitumálum. Aukið fjármagn verður sett í skipulagsmál, sem er forsenda fyrir áframhaldandi framkvæmdir. Hafist verður handa við að reisa skóla í nýrri íbúðabyggð í Hamranesi og samhliða verður unnið að lagfæringum og uppbyggingu skóla og skólalóða víðs vegar um bæjarfélagið. Haldið verður áfram frágangi á nýbyggingarsvæðum víðs vegar um bæinn, svo sem við malbikun, gerð stétta, stíga og leiksvæða sem og almenna grænkun svæða. Jafnframt verður unnið að endurgerð gönguleiða í eldri hverfum, þar með talið viðhaldi og frágangi gangstétta. Áfram verður unnið að uppbyggingu vistvænna samgangna, svo sem stíga og hjólreiðastíga, auk þess sem áhersla verður lögð á umferðaröryggismál. Þá verður lögð áhersla á að hvetja til uppbyggingar rafhleðslustöðva í hverfum bæjarins.

Nýr sex deilda leikskóli verður tekinn í notkun í Hamranesi. Bókasafn í miðbæ og búsetukjarni eru einnig í framkvæmd. Nýtt knatthúss verður tekið í notkun á Ásvöllum

á árinu sem og reiðhöll á félagssvæði hestamannafélagsins Sörla. Endurgerð Suðurbæjarlaugar heldur áfram með bættri búningaðstöðu. Loks má nefna að stefnt er að aukinni hagkvæmni og bættri lýsingu í húsnæði og lóðum stofnana bæjarins með led-lýsingu, auk fjölmargra annarra verkefna. Áfram verður haldið með að tryggja afkastagetu fráveitu- og vatnsveitu og afhendingaröryggi vatnsveitu. Fjárhagsáætlun ársins 2025 liggur nú fyrir og sem fyrr er hún í tveimur hlutum. Annars vegar greinargerð og hins vegar tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinnna A- og B-hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins.

Helstu tölur úr fjárhagsáætlun 2025

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta jákvæð um 1.010 milljónir króna
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 45 milljón króna
- Skuldaviðmið áætlað um 92,5% í árslok 2025
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta 2.834 milljónir króna eða 5,4% af heildartekjum
- Útsvarsprósenta áfram 14,93%
- Álagningarprósenta fasteignaskatta verður óbreytt milli ára og er gert ráð fyrir að fasteignagjöld muni lækka að raungildi milli ára að meðaltali
- Gert er ráð fyrir almennri hækkun gjaldskrár um 3,9% til þess að mæta verðlags- og launahækkunum. Gjaldskrá vegna sorphirðu hækkar almennt í takt við aðrar hækkanir í gjaldskrá en þó mismunandi mikið eftir samsetningu sorphláta hjá íbúum.
- Áætlaðar fjárfestingar nema tæplega 9,7 milljörðum króna, þar af eru teknir frá fjármunir vegna fyrirhugaðra samninga um kaup á knatthúsinu Skessunni.

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins með um 32 þúsund íbúa. Áætluð heildarútgjöld nema um 47,0 milljörðum króna, áætlaður launakostnaður nemur 25,6 milljörðum króna og áætlaður fjármagnskostnaður 2,4 milljörðum króna. Til samanburðar var rekstrarniðurstaðan árið 2023 jákvæð um 808 milljónir króna og árið 2022 um 890 milljónum króna. Útkomuspá 2024 gerir ráð fyrir 135 milljóna króna afgangi.

Starfsfólki sem komið hefur að fjárhagsáætlunargerðinni er þakkað fyrir þá miklu og góðu vinnu sem lögð hefur verið í hana. Hafnarfjarðarbær býr að miklum mannauði og þakka ég starfsfólki öllu fyrir framúrskarandi framlag í þágu sveitarfélagsins og metnaðarfullt starf.



Forsendur áætlunar 2025–2028

Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2025 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2026–2028 eru settar fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta eru millifærslur vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum jafnaðar út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum. Þau eru: Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn.

Með breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlunir og ársreikninga sveitarfélaga er kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta. Í tilviki Hafnarfjarðarkaupstaðar falla byggðasamlögin SHS bs., Sorpa bs. og Strætó bs. m.a. undir þetta ákvæði.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar

Útsvarshlutfall á árinu 2025 verður 14,93% en það er óbreytt hlutfall á milli ára en í lok árs 2023 hækkaði útsvarshluti sveitarfélaga um 0,23 prósentustig vegna málefna fatlaðs fólks. Útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar um 26,4 milljarðar króna. Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2024 og jafnframt tekið mið af opinberri spá um hækkun útsvars frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist lítillega á áætlunartímabilinu. Á grundvelli þessara gagna er gert ráð fyrir um 5,5% auknum útsvarstekjum milli útkomuspár 2024 og áætlunar 2025.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarkaupstaður fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafraeðslu og þjónustu við fatlað fólk. Í Áfangaskýrslu II, um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk, sem kom út í september 2024, er farið yfir skiptinguna á milli ríkis og sveitarfélaga í málefnum fatlaðs fólks og þær áskoranir sem stjórnvöld standa frammi fyrir til næstu ára. Þar er m.a. fjallað um málefni barna með fjölþættan

vanda, málefni yngri hjúkrunarsjúklinga, uppbyggingu búsetu fyrir fatlað fólk til næstu 10 ára og öryggisvistun. Eigi Hafnarkaupstaður að standa undir lögbundinni þjónustu við fatlað fólk er lykilatriði að nægilegt fé fái úr ríkissjóði.

Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda á árinu 2025 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2024. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarkaupstaðar breytist á milli ára, samanber eftirfarandi töflu:

Fasteignamat – þús. kr.	Fasteignamat 2025	Fasteignamat 2024	Hækkun %	Fasteignamat 2023
Íbúðareignir	956.283.174	910.061.737	5,1%	777.215.086
Atvinnueignir	218.249.268	198.725.685	9,8%	174.557.087
Stofnanir og samkomustaðir	46.367.930	42.921.100	8,0%	40.227.830
Samtals	1.220.900.372	1.151.708.522	6,0%	992.000.003

Stofn til fasteignamats íbúðarhúsnæðis hækkar um 5,1% á milli ára en það samanstendur af 0,9% hækkun fasteignamats auk tilkomu nýrra eigna inn í stofninn. Stofn til fasteignamats atvinnueigna hækkar um 9,8% en það samanstendur af 6,2% hækkun fasteignamats auk tilkomu nýrra eigna inn í stofninn. Álagningarhlutföll fasteignaskatts og tengdra gjalda eru óbreytt á milli ára.

Álagningarhlutföll fasteignaskatts og gjalda íbúðarhúsnæðis árið 2025 og aftur til 2022:

Íbúðarhúsnæði	Álagning 2025	Álagning 2024	Álagning 2023	Álagning 2022
Fasteignaskattar	0,217%	0,217%	0,223%	0,246%
Holræsagjald	0,093%	0,093%	0,093%	0,116%
Vatnsgjald	0,035%	0,035%	0,035%	0,052%
Samtals (af fasteignamati)	0,345%	0,345%	0,351%	0,414%
Lóðaleiga (lóðarmat)	0,33%	0,33%	0,33%	0,33%

Tekjutengdur afsláttur fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega

Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Við útreikning afsláttar í upphafi árs 2025 er stuðst við skattframtal ársins 2023 en afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar skattframtal ársins 2024 liggur fyrir. Leiði endurskoðunin til breytinga á afslætti breytast þær greiðslur sem eftir eru á árinu í samræmi við niðurstöður. Til tekna teljast bæði launatekjur (reitur 2.7. á skattframtali) og fjármagnstekjur (reitur 3.10. á skattframtali). Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og fólks í skráðri sambúð. Tekjuviðmiðið hækkar um 6,7% á milli ára.

Tekjuviðmið vegna afsláttar á fasteignagjöldum 2025:

Afsláttur	Einstaklingar	Hjón/fólk í skráðri sambúð
100%	0	10.365.000
75%	8.111.001	11.085.000
50%	8.293.001	11.808.000

25%	8.472.001	8.652.000	11.808.001	12.525.000
-----	-----------	-----------	------------	------------

Þróun afsláttar fasteignagjalda síðustu ára og áætlaður heildarafsláttur 2025:

Tekjutengdur afsláttur fasteignagjalda	þús. kr. á verðlagi hvers árs
2025 – áætlun	184.965
2024	171.174
2023	163.654
2022	127.662
2021	110.928
2020	101.918
2019	89.549
2018	95.607
2017	45.385
2016	51.454

Álagningarhlutfall fasteignaskatta og tengdra gjalda er óbreytt á milli ára en meðalhækkun fasteignamats á milli árunna 2024 og 2025 er ekki nema 2,1% í Hafnarfirði, þó mismunandi á milli tegunda fasteigna. Álagningarhlutfall vatns- og fráveitugjalda er einnig óbreytt á milli ára. Áætlaðar tekjur bæjarins vegna fasteignaskatta og tengdra gjalda er 6.742 milljónir króna og hækkar um 6,5% á milli ára, en hluta af þeirri hækkun má skýra með fjölgun fasteigna í stofninum.

Álagningarhlutföll fasteignaskatts og gjalda atvinnuhúsnæðis:

Atvinnuhúsnæði	Álagning 2025	Álagning 2024	Álagning 2023	Álagning 2022
Fasteignaskattar	1,387%	1,387%	1,40%	1,40%
Holræsagjald	0,116%	0,116%	0,116%	0,116%
Vatnsgjald	0,052%	0,052%	0,052%	0,052%
Samtals án lóðaleigu	1,555%	1,555%	1,568%	1,568%
Lóðaleiga	1,17%	1,17%	1,17%	1,17%

Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki almennt um 3,9% til að mæta hækkunum á verðlagi. Gjaldskrá umhverfis- og skipulagsþjónustu hækkar í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Móttökugjöld SORPU bs. eiga að standa undir kostnaði við veitta þjónustu, eins og lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 kveða á um. Sorphirðugjöld í Hafnarfirði, í fyrirkomulaginu sem kallað er „Borgað þegar hent er“, hækka almennt í takt við almennar gjaldskrárhækkanir í bænum. Reksturinn á nýju sorpflokkunarkerfi hefur gengið mjög vel og hefur flokkun sorps aukist. Magn óflokkaðs efnis hefur minnkað á milli ára sem og umfang pappírs. Innleiðingu á nýju sorphirðukerfi er nú lokið þannig að ekki þarf að leggja á frekari kostnað vegna þess. Bærinn hefur hér tekið tillit til endurgreiðslu á VSK vegna framlaga til Sorpu til lækkunar á sorphirðugjaldinu.

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Jafnframt er tekið tillit til breytinga í starfsmannahaldi sem tengjast fjölda nemenda í leik- og grunnskólum. Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í launaáætlunarkerfi Kjarna.

Lífeyrisskuldbindingar

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 1.526 milljónir króna á árinu 2025. Á árinu 2012 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 1.086 milljónum króna á árinu 2025. Frá árinu 2016 hefur Hafnarfjarðarbær greitt samtímagreiðslur inn á lífeyrisskuldbindingu Byrs vegna fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga Byrs eru gerðar með fyrirvara um niðurstöðu dómstóla, en Hafnarfjarðarkaupstaður mótmælir því að bænum beri að greiða þessa skuldbindingu. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding bæjarins verði um 18,6 milljarðar króna í árslok 2025, þar af eru um 3,5 milljarðar króna vegna Byrs. Til samanburðar eru heildarlaunagreiðslur sveitarfélagsins með launatengdum gjöldum á árinu 2025 áætlaðar 25,6 milljarðar króna.

Annar kostnaður

Almennur rekstrarkostnaður sem er tengdur verðlagsforsendum samkvæmt samningum hefur verið uppfærður í takt við verðlagsbreytingar. Útgjöld hafa verið aukin þar sem um aukinn þjónustubunga er að ræða en almennt er ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni í ný verkefni á árinu 2025 önnur en þau sem fram koma í greinargerð viðkomandi málaflokks.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru áætlaðir í samræmi við rauntölur ársins 2023 og útkomuspá 2024. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir fyrir utan stöðu milli Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar. Innlend verðtryggð lán hafa verið reiknuð upp miðað við 3,7% vísitöluhækkun vegna ársins 2025. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga.

Áætlun gerir ráð fyrir að 250 milljóna króna fjárfestingu húsnæðisskrifstofu verði að hluta fjármögnuð með lántöku.

Áætlun gerir ráð fyrir að tekin verði lán í A- og B-hluta fyrir um 6.064 milljónir og afborganir vaxtaberandi langtímaskuldbindinga verði um 2.341 milljónir. Gert er ráð fyrir að skuldaviðmið A- og B-hluta skv. reglugerð 502/2012 verði 92,4% í árslok 2025.

Fyrirvarar og óvissuþættir

Rétt er að vekja athygli á því að við gerð fjárhagsáætlunar er veruleg óvissa um framvindu efnahagsmála á komandi árum. Verðbólga er enn há þó hún hafi lækkað

ört á síðustu mánuðum og væntingar séu um að hún lækki frekar inn á næsta ár. Vextir eru enn háir og þá sérstaklega verðtryggðir langtímavextir sem enn eru ekki farnir að lækka þó vonir standi til þess að það gerist þegar líður á árið 2025.

Ekki er enn búið að semja við öll stéttarfélög en þó er gert ráð fyrir að það náist að semja við alla aðila fyrir áramót og að þeir samningar verði í takt við þá samninga sem gerðir voru vorið 2024.

Óvissa er eins og áður varðandi rekstur í málaflokki fatlaðs fólks og framlög ríkisins til málaflokksins en viðurkennt er að málaflokkurinn hefur verið vanfjármagnaður í mörg ár. Eigi Hafnarfjarðarbær að standa undir lögbundinni þjónustu við fatlað fólk er lykilatriði að nægilegt fé fái úr ríkissjóði.

Fjármál sveitarfélaga eru mjög háð þróun innlendra efnahagsmála, sem aftur er háð alþjóðlegri efnahagsþróun.

Þriggja ára áætlun 2026–2028

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins tekur mið af verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofunnar frá því í júní sl. auk nýrri þjóðhagsspáa ýmissa greiningaraðila. Útsvarstekjur ráðast af væntingum um fjölgun útsvarsgreiðenda, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi, en hér er gert ráð fyrir hækkun útsvarstekna um 8–9% á ári í þriggja ára áætluninni. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta hækka í takt við áætlaða hækkun fasteignamats á tímabilinu en enn er einhver óvissa um nýframkvæmdir og sölu fasteigna næstu árin vegna hárar vaxta. Aðrar tekjur tengdar fasteignamati hækka í takt við hækkun á því að viðbættum nýjum eignum. Annar rekstrarkostnaður eykst í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs og aukna þjónustu í kjölfar fjölgunar íbúa. Laun og launatengd gjöld hækka í takt við áætlaða launavísitölu að viðbættum launakostnaði vegna áætlaðrar íbúafjölgunar. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga og áætlun um nýjar lántökur.



Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

A- og B-hluti

- Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2025 verði um 52,4 milljarðar króna og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði um 47,0 milljarðar króna. Af heildartekjum eru um 3,0 milljarðar króna vegna sölu byggingarréttar. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 3,4 milljarðar króna. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir sem nemur tæplega 2,4 milljörðum króna, þannig að rekstrarniðurstaða ársins 2025 er áætluð jákvæð um 1 milljarður króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 103,6 milljarðar króna í árslok 2025. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 69,7 milljarðar króna og eigið fé um 34,0 milljarðar króna. Skuldaviðmið skv. reglugerð 520/2012 er áætlað um 92,5% í árslok 2025.
- Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 2.834 milljónir króna, sem eru um 5,4% af heildartekjum. Áætlaðar tekjur vegna sölu byggingarréttar flokkast með fjárfestingahreyfingum og hafa því ekki áhrif á veltufé frá rekstri. Tekjufærð sala byggingarréttar í rekstrarreikningi 2025 er áætluð um 2.972 milljónir króna færist til lækkunar á veltufé frá rekstri en færist á móti sem eignasala í fjárfestingahreyfingum sjóðstreymi.

Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A- og B-hluti - m.kr.				
	Áætlun 2025	Útkomuspá 2024	Ársreikningur 2023	Ársreikningur 2022
Rekstrarreikningur				
Tekjur	52.360	49.207	47.284	42.625
Gjöld	-46.984	-44.467	-41.960	-37.286
Afskriftir	-1.946	-1.793	-1.676	-1.431
Fjármagnsliðir	-2.419	-2.419	-2.840	-3.018
Söluhagnaður				
Rekstrarniðurstaða	1.010	135	808	890
Efnahagsreikningur				
Eignir	103.639	98.187	93.917	84.658
Eigið fé	33.958	32.948	32.813	28.187
Skuldir og skuldbindingar	69.681	65.239	61.105	56.471
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	2.834	3.133	2.122	1.767



A-hluti

- Í áætlun 2025 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta sé jákvæð um 45 milljónir króna og jákvæð um 3.324 milljónir króna fyrir afskriftir og fjármagnsliði.
- Áætlaðar rekstrartekjur A-hluta eru 47,4 milljarðar króna og áætluð rekstrargjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði eru 44,1 milljarðar króna. Af heildartekjum eru tæplega 3,0 milljarðar króna vegna sölu byggingarréttar. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir um liðlega 2,0 milljarða króna.
- Heildareignir A-hluta í árslok 2025 eru áætlaðar um 77,9 milljarðar króna, skuldir og skuldbindingar um 64,7 milljarðar króna og eigið fé um 13,3 milljarðar króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er jákvætt um 882 milljónir króna. Áætlaðar tekjur vegna sölu byggingarréttar flokkast með fjárfestingahreyfingum og hafa því ekki áhrif á veltufé frá rekstri. Tekjufærð sala byggingarréttar í rekstrarreikningi 2025 að fjárhæð 2.972 milljónir króna færist til lækkunar á veltufé frá rekstri en færist á móti sem eignasala í fjárfestingahreyfingum sjóðstreymi.

Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A-hluti - m.kr.				
	Áætlun 2025	Utkomuspá 2024	Arsreikningur 2023	Arsreikningur 2022
Rekstrarreikningur				
Tekjur	47.403	44.588	42.904	38.134
Gjöld	-44.079	-41.936	-39.347	-34.564
Afskriftir	-1.235	-1.141	-1.039	-967
Fjármagnsliðir	-2.044	-2.188	-2.270	-2.353
Söluhagnaður				
Rekstrarniðurstaða	45	-678	251	250
Efnahagsreikningur				
Eignir	77.923	74.633	70.361	63.047
Eigið fé	13.253	13.208	13.885	11.254
Skuldir og skuldbindingar	64.670	61.425	56.476	51.793
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	882	1.315	154	117



Helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára:

Rekstur málaflokka aðalsjóðs					
	Áætlun	Hlutfall af	Útkomusp á 2024		Ársreikningu r
Fjárhæðir í m.kr.	2025	skatttekjum	2024	Mismunur	2023
Skatttekjur	40.156		37.780	-2.624	33.860
Fjölskylduþjónusta	-9.261	23%	-8.281	1.241	-7.828
Fræðslu- og uppeldismál	-21.631	54%	-20.232	1.415	-18.631
Menningarmál	-755	2%	-692	63	-629
Æskulýðs- og íþróttamál	-3.550	10%	-2.806	686	-3.065
Brunamál og almannavarnir	-379	1%	-351	28	-330
Hreinlætismál	-41	0%	-371	-330	120
Skipulags- og byggingarmál	-128	0%	-97	31	-85
Umferðar- og samgöngumál	-1.341	3%	-1.310	30	-1.248
Umhverfismál	-215	1%	-215	0	-205
Atvinnumál	-79	0%	-79	0	-3
Sameiginlegur kostnaður	-4.626	12%	-4.380	243	-4.437

Fjölskyldu- og barnamálasvið

Fjölskyldu- og barnamálasvið ber ábyrgð á velferðarþjónustu sveitarfélagsins. Markmið þjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa. Helstu málaflokkar sem heyra undir sviðið eru húsnæðismál, félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónusta við börn og fjölskyldur, málefni eldri borgara, fólks á flóttu og sértækur stuðningur við fatlað fólk.

Fjárheimildir fjölskyldu- og barnamálasviðs hækka frá áætlun 2024 um 1.053 milljónir króna og fara samkvæmt áætlun 2025 í 9.261 milljónir króna. Hækkunin er um 12,8% milli ára og nema fjárheimildirnar nú 23,1% af áætluðum skatttekjum sveitarfélagsins. Munar þar mestu um aukinn kostnað vegna þjónustu við fatlað fólk, þá sér í lagi vegna dvalar og vistunar fatlaðra ungmenna sem og barna með fjölþættan vanda.

Áhersla er á málefni barna og ungmenna og hvernig stjórnvöld eigi að bregðast við aukinni vanlíðan, kvíða og ofbeldi meðal þeirra. Þann 1. janúar 2022 voru samþykkt lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna með það að markmiði að auka samtalið milli kerfa og að börn og foreldrar hafi aðgang að samþættri þjónustu án hindrana. Þeir aðilar sem koma að þjónustunni, hvort sem það eru sveitarfélög, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, íþróttafélög, lögregla eða aðrir, eiga að vinna á grundvelli þessara laga. Þá hafa málefni barna með fjölþættan vanda verið mikið í umræðunni og ábyrgðar- og kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga. Í skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda 2023 er lagt til að Barna- og fjölskyldustofa beri ábyrgð á fyrirkomulagi þjónustu við þennan hóp og tilgreindar 14 tillögur að sérhæfðum úrræðum. Þá leggur stýrihópurinn jafnframt fram tillögur um fjármögnun og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga með aukinni aðkomu ríkis að fjármögnun málaflokksins.

Á síðustu árum hafa málefni flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd orðið sífellt umfangsmeiri í þjónustu sviðsins. Síðustu misseri hafa stjórnvöld unnið að endurskoðun laga og reglugerða um málefni flóttafólks, meðal annars með tilliti til þess hverjir geti sótt um vernd hér á landi. Heldur hefur dregið úr fjölda umsókna um vernd. Hver þróunin verður á eftir að koma í ljós en sveitarfélögin hafa til þessa mætt fólki á flóttu með þjónustu á grundvelli samninga við ríkið.

Þjónusta við fatlað fólk er sá málaflokkur sem mestum fjármunum er varið í og fara 69,3% af fjármagni sviðsins til hans. Þess má geta að áætluð framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, viðbótarframlag frá útsvari og tekjur frá öðrum sveitarfélögum sem nýta þjónustu sem rekin er af Hafnarfjarðarkaupstað eru um 3,7 milljarðar króna fyrir komandi ár. Í Áfangaskýrslu II, sem kom út í september 2024, er farið yfir kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málefnum fatlaðs fólks og þær áskoranir sem stjórnvöld standa frammi fyrir til næstu ára. Þar er m.a. fjallað um málefni barna með fjölþættan vanda, málefni yngri sjúklunga sem þarfnast hjúkrunar, uppbyggingu búsetu fyrir fatlað fólk til næstu 10 ára og öryggisvistun. Eigi Hafnarfjörður að standa undir lögbundinni þjónustu við fatlað fólk er lykilþáttur að ríkið fjármagni málaflokkinn betur.



Skrifstofa fjölskyldu- og barnamálasviðs

Á skrifstofu sviðsins eru 55,0 stöðugildi sérfræðinga sem skiptast niður á fimm fagdeildir og eina stöðdeild. Þær eru barnavernd, stuðnings- og stöðþjónusta, ráðgjafar- og húsnæðisteymi, þróun og rekstur í málaflokki fatlaðs fólks, þjónusta við flóttafólk og þjónusta og úrræði.

Á árinu eru gerðar breytingar með tilfærslu stöðu lögfræðings fjölskyldu- og barnamálasviðs yfir á stjórnsýslusvið. Þá voru tveir starfsmenn færðir milli deilda sviðsins með það að markmiði að efla almenna félagslega ráðgjöf og barnavernd. Með breytingunni er áhersla lögð á að sinna betur þjónustu við stækkandi hóp notenda og tryggja faglega og samræmda barnaverndarvinnu með jafnræði og farsæld að leiðarljósi.

Farsæld barna

Með innleiðingu farsældarlaga fylgdi fjármagn frá ríki til sveitarfélaga sem ætlað var að stuðla að markvissri innleiðingu verkefnisins til ársins 2024. Eftir þann tíma átti að fara fram endurmat, meðal annars með tilliti til fjárþarfa sveitarfélaga. Verkefnið hefur verið fjármagnað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og á árinu 2024 námu framlög til Hafnarfjarðar 94.3 millj. kr. Framlögum er ætlað að standa undir 5,0 stöðugildum tengiliða í leik- og grunnskólum bæjarins og 3,0 stöðugildum málstjóra á fjölskyldu- og barnamálasviði. Málstjórar koma að málefnum barna ef fyrir liggur beiðni foreldra og/eða barns um samþættingu þjónustu og ástæða er til að ætla að barn þurfi fjölbætta þjónustu á öðru eða þriðja stigi til lengri tíma.

Stuðningsþjónusta

Stuðningsþjónusta er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 44/1991 með síðari breytingum og á grundvelli reglna Hafnarfjarðarbæjar um stuðningsþjónustu og reglna um stuðning við börn og fjölskyldur.

Stuðningsþjónusta felur í sér heimaþjónustu, einstaklingsstuðning, notendasamninga, stuðningsfjölskyldur og foreldrafræðslu- og uppeldisráðgjöf. Þjónustan er veitt til einstaklinga og fjölskyldna að undangengnu mati og að uppfylltum skilyrðum reglna sveitarfélagsins.

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að efla stuðningsþjónustu við þá sem þurfa umfangsmikla og viðvarandi þjónustu og þá einnig í tengslum við uppbyggingu smáhýsa, fyrir fólk með geð- og fíknivanda.

Heimaþjónusta felur í sér aðstoð við daglegar athafnir, innlit og þrif. Í dag sinnir Hafnarfjarðarbær heimaþjónustu á um 620 heimilum að jafnaði og eru um 80% fólks þar yfir 67 ára. Þar af er heimaþjónustu við um 200 heimili útvistað til Aþ þrifa, þau heimili þar sem eingöngu er um þrif að ræða. Þá eru 24,0 stöðugildi í heimaþjónustu sem sinna ríflega 420 heimilum. Auk þess að aðstoða við þrif sinna starfsmenn innliti, félagslegum stuðningi, gönguferðum, aðstoð við verslun, öryggisböðun og fleiru. Áætlaður kostnaður Hafnarfjarðarbæjar á árinu 2025 vegna heimaþjónustu er 348,2 milljónir króna, þar af er áætlaður kostnaður vegna Aþ þrifa um 78 milljónir króna.

Einstaklingsstuðningur samanstendur af því sem áður var liðveisla og persónuleg ráðgjöf í barnavernd. Stuðningurinn er veittur að jafnaði frá 6 ára aldri og er ætlað að mæta einstaklingsmiðaðri þörf og/eða létta á álagi hjá fjölskyldum. Einstaklingsstuðningur getur að hámarki verið 65 tímar á mánuði skv. reglum. Starfsfólk í einstaklingsstuðningi er ráðið í tímavinnu og vinnur að jafnaði 12–20 tíma í



mánuði. Til viðbótar við laun starfsmanna greiðir sveitarfélagið útlagðan kostnað starfsmanna og akstur að ákveðnu hámarki.

2025	Tímar	Áætlaður kostnaður
Einstaklingsstuðningur	32.000	252.369.000

Fyrstu tíu mánuði ársins 2024 nýttu 247 einstaklingsstuðning, samtals 22.593 klst. Á árinu 2024 var áætlaður kostnaður vegna einstaklingsstuðnings 281,2 milljónir króna en ljóst er að hann verður lægri en áætlað var.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og er fyrir einstaklinga og fjölskyldur með lögheimili í sveitarfélaginu sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Erlendum ríkisborgurum, þar með talið einstaklingum með alþjóðlega vernd hér á landi, er í sérstökum tilvikum veitt fjárhagsaðstoð. Á grundvelli 15. gr. laga endurgreiðir ríkið sveitarfélögum veitta aðstoð til þeirra sem hafa átt lögheimili í landinu í skemur en tvö ár. Sveitarfélagið setur reglur um fjárhagsaðstoð þar sem meðal annars er kveðið er á um skilyrði fyrir aðstoð og viðmið fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð 2024 - Fjöldi einstaklinga fyrst 10 mánuði ársins											
Tegund	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Alls
Framfærsla	330	326	324	317	289	269	281	263	253	255	648
Heimildagreiðslur	102	81	45	94	92	42	28	36	72	39	276

Samkvæmt reglum sveitarfélagsins hækkar fjárhagsaðstoðarkvarðinn í samræmi við neysluvísitölu 1. janúar ár hvert. Kvarðinn 2024 er 244.152 kr. á mánuði fyrir einstakling og 390.644 kr. fyrir hjón eða sambúðarfólk. Hækkun fjármagns vegna fjárhagsaðstoðar hækkar þ.a.l. um rúmar 120,6 milljónir króna milli áranna 2024 og 2025.

Í júní 2024 samþykkti Alþingi frumvarp félags- og vinnumarkaðsráðherra um breytingar á örorkulífeyriskerfinu og taka lögin gildi þann 1. september 2025. Í október undirrituðu aðilar samning sem kveður á um viðtækt samstarf á sviði endurhæfingar og samhæfingu þjónustu þvert á kerfi. Vonir standa til þess að þessi breyting leiði af sér markvissari stuðning við einstaklinga til virkrar atvinnuþátttöku og fækki um leið þeim sem þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Félagslegt húsnæði

Hafnarfjarðarbær er með 299 félagslegar leiguíbúðir og er stærsti hluti þeirra í eigu bæjarins. Í október sl. voru 190 einstaklingar á biðlista eftir félagslegu húsnæði, þar af 41 sem metinn var í brýnni þörf. Bæjarráð samþykkti í mars að sækja um stofnframlag fyrir 10 íbúðum og má gera ráð fyrir að þær íbúðir komi inn á næstu árum. Bæjarráð samþykkti einnig í mars umsókn Brynju leigufélags um stofnframlag fyrir átta íbúðum háð því skilyrði að fjölskyldu- og barnamálasvið kæmi að úthlutun helmings þeirra. Þá eru áætlanir um að byggja allt að átta smáhýsi á næstu árum og standa vonir til þess að framkvæmdir hefjist í byrjun árs 2025. Með úrræði smáhýsa er Hafnarfjarðarbær



að mæta einstaklingum í brýnni þörf, þeim sem þurfa að jafnaði umfangsmikla og sérhæfða þjónustu.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu umfram húsnæðisbætur og er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa og þungrar framfærslubyrði sbr. reglur Hafnarfjarðar. Bæjarráð samþykkti að hækka viðmiðunarfjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings úr 90.200 kr. í 100.000 og tóku breytingarnar gildi þann 1. júlí sl. Að jafnaði hafa um 740 einstaklingar fengið húsnæðisstuðning í hverjum mánuði, flestir sem leigja húsnæði á almennum markaði. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að greiðslur vegna sérstaks húsnæðisstuðnings verði 272 milljónir króna.

Barnavernd

Í janúar 2023 tóku umdæmisráð við af barnaverndarnefndum sveitarfélaga á grundvelli breytinga á barnaverndarlögum. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Reykjavík sameinast um eitt umdæmisráð. Samkvæmt lögnum skal ráðið skipað lögfræðingi, sálfræðingi og félagsráðgjafa. Mál fara fyrir ráðið þegar ekki næst samvinna við foreldra, t.d. vegna vistunar barns utan heimilis eða í umgengismálum.

Mikið hefur verið rætt um málefni barna með fjölþættan vanda og það úrræðaleysi sem blasir við í málaflokknum. Barna- og fjölskyldustofa hefur fækkað verulega eigin meðferðarúrræðum fyrir þennan hóp barna og ábyrgð á þjónustunni hefur færst yfir til sveitarfélaga. Hefðbundin meðferðarúrræði barnaverndar hafa ekki getað mætt þessum börnum og því hafa sveitarfélögin leitast við að mæta þörfinni með öðrum hætti, s.s. með því að kaupa búsetuþjónustu af einkareknum úrræðum á borð við Klettabæ og Vinakot. Stjórnvöld hafa endurtekið boðað breytingar og að gripið verði til aðgerða til þess að bæta þjónustu við börn með fjölþættan vanda, nú síðast með framkvæmdaáætlun 2023–2027, en þau áform hafa ekki raungerst með fullnægjandi hætti.

Þjónusta við eldra fólk

Fyrirbyggjandi áherslur hafa verið í forgrunni í sveitarfélaginu í þjónustu við eldra fólk. Má þar nefna frístundastyrki fyrir eldri borgara, áherslu á almenna heilsueflingu og svokallað Janusarverkefni. Þá mun Hafnarfjarðarbær ganga til samstarfs við Hress heilsurækt með samningi um heilsueflingu 65 ára og eldri, til næstu tveggja ára. Lögð verður áhersla á sjálfstæða búsetu eldri borgara. Hugmyndir eru um aðstoð við heimahreyfingu og horft verður til velferðartækni í þróun þjónustu við eldri borgara. Nýting ýmiss konar tæknilausna og nýsköpunar við framkvæmd þjónustunnar, meðal annars til að viðhalda og auka færni, getur aukið líkur á því að eldra fólk geti búið lengur heima.

Áfram er lögð mikil áhersla á öflugt samstarf við Félag eldri borgara og Öldungaráð.

Fyrirséð er mikil fjölgun aldraðra á næstu árum og áratugum og vinna stjórnvöld að því að finna leiðir til að mæta vaxandi biðlistum eftir hjúkrunarheimili og annarri þjónustu. Fjölga þarf rýmum og líta stjórnvöld meðal annars til aðkomu einkaaðila í þeirri uppbyggingu, bæði hvað varðar framkvæmdir og rekstur. Hafnarfjarðarbær gerir ráð fyrir uppbyggingu á öldrunartengdri þjónustu á lóð í Hamranesi 43. Á fundi bæjararáðs þann 11. júlí sl. samþykkti ráðið, í umboði bæjarstjórnar, framsal lóðarvilyrðis um Hringhamar 43 til Hjúkrunarheimilisins Hamranes ehf. sem mun



annast byggingu hjúkrunarheimilisins fyrir um 88 einstaklinga. Samþykkt var að gildistími lóðarvilyrðisins yrði framlengdur til 1. maí 2025.

Þjónusta við fatlað fólk

Þjónusta við fatlað fólk er umfangsmesta þjónusta fjölskyldu- og barnamálasviðs. Áætlaður kostnaður á árinu 2025 vegna málaflokksins er 6.455 milljónir króna og er þar um 20 % aukningu að ræða eða 1.080 milljónir króna. Þjónustan er lögbundin á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og tekur til atvinnumála, skammtímadvala, stuðnings við sjálfstæða búsetu og sértækra húsnæðisúrræða. Jöfnunarsjóður greiðir framlög vegna málaflokksins á grundvelli SIS - A og á kostnaðargrunni SIS - C með þeim börnum og ungmennum sem njóta umfangsmikillar aðstoðar. Á árinu 2024 voru framlög greidd með 130 einstaklingum, börnum og fullorðnum. Þá vann sviðið að því að fá greitt á kostnaðargrunni með sjö einstaklingum til viðbótar sem komu nýir inn í þjónustu á árinu og/eða fengu SIS-mat. Framlög Jöfnunarsjóðs á árinu 2024 liggja ekki endanlega fyrir en ætla má að þau verði um 3,4 milljarðar króna.

Stærsti kostnaðarliður vegna málefna fatlaðs fólks er stuðningur við sjálfstæða búsetu, sem felur í sér sértæka aðstoð umfram 65 tíma á mánuði að sólarhringsþjónustu. Þá hefur sveitarfélagið þurft að kaupa þjónustu einkaaðila þegar úrræði vantar. Þjónusta við sjálfstæða búsetu eru stuðningur sem veittur er utan kjarna, NPA-samningar og sértæk húsnæðisúrræði.

Vistgjöld. Um er að ræða þjónustu einkaaðila þegar úrræði sveitarfélagsins geta ekki mætt viðkomandi með þjónustu og/eða með sértæku húsnæði (íbúðarkjarna). Í dag er Hafnarfjarðarbær með samning við Klettabæ, Vinakot, Heilindi og Vinasetur um búsetuþjónustu, hvíldardvöl og stuðnings- og helgarþjónustu. Stærsti kostnaðarþáttur þeirrar þjónustu er umfangsmikill stuðningur og búseta fatlaðra ungmenna. Það sem af er árinu 2024 hafa sjö ungmenni á aldrinum 16–19 ára nýtt búsetuþjónustu einkaaðila. Vonir standa til þess að með tilkomu nýrra úrræða verði hægt að fækka þeim sem nýta þessa þjónustu.

NPA-samningar á árinu 2024 eru 16 talsins, þar af eru 9 samningar með sólarhringsþjónustu. Á árinu 2025 er áfram gert ráð fyrir 16 samningum um NPA og að heildarkostnaður vegna þeirra nemi 848,3 milljónir króna, á ársgrundvelli. Eins og kemur fram í töflu er áfram reiknað með að framlag ríkisins verði 25% með hverjum samningi og framlögum á grundvelli SIS-mats. SIS-framlag í töflu miðast við árið 2024, með fyrirvara þar sem endanleg framlög liggja ekki fyrir.

Fjöldi	Tímar	Áætlun ársins 2025	25% Framlag ríkis	Framlag SIS 2024	Almenn þj. að 65 tímum	Mismunur
16	8.378	848.337.247	212.084.312	419.211.428	88.000.000	129.041.507

Sértækt húsnæði eru heimili fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði þar sem veitt er sólarhringsþjónusta. Í dag eru samtals 13 slík úrræði; 9 íbúðarkjarnar og 4 herbergjaheimili þar sem samtals búa 70 einstaklingar. Af þeim rekur Hafnarfjarðarbær 10 starfsstöðvar en þrjár eru reknar samkvæmt samningi við sveitarfélagið. Þá er veitt þjónusta utan kjarna til 27 einstaklinga, þar af eru tveir með sólarhringsþjónustu.

Áætlaður kostnaður vegna þjónustu við 97 einstaklinga í búsetu er áætlaður 2.663 milljónir króna á árinu 2025 en var 2.442 milljónir króna á árinu 2024.



Nýungar/breytingar í þjónustu við fatlað fólk

Í september 2024 opnaði Hafnarfjarðarbær nýja skammtímadvöl fyrir börn þegar heimilinu við Svöluhraun var breytt. Í Svöluhrauni verður hægt að taka á móti fjórum börnum á hverjum tíma, og um leið mæta 12 börnum með þjónustu skammtímadvalar sem hafa verið á biðlista eftir úrræðinu.

Sveitarfélögin Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes hafa átt í samstarfi um rekstur skammtímadvala og hefur ein skammtímadvöl fyrir börn verið rekin á svæðinu frá 2011.

Í töflunni hér að neðan er greining á kostnaði Hafnarfjarðarbæjar við að mæta þjónustu við fatlað fólk á grundvelli laga nr. 38/2018 og áætluðum kostnaði á árinu 2025. Þá getur einnig að líta jöfnunarframlög sem veitt eru til að mæta þeirri þjónustu, útkomuspá fyrir árið 2024 og áætlun ársins 2025. Það sem vegur einna þyngst í kostnaðarhækkun milli 2024 og 2025 er áætlun vegna þjónustu sem veitt er af einkareknum úrræðum en vonir standa til þess að hægt að verði að draga úr þeim kostnaði á árinu með breytingu á framkvæmd þjónustunnar, með fjölgun húsnæðisúrræða hjá sveitarfélaginu.

Málaflokkur fatlaðra

Ár	Kostnaður	Jöfnunarsjóður	Nettókostnaður **
2022	3.730.479	-1.980.203	1.750.276
2023	4.084.305	-2.793.942	1.290.363
2024 *	4.898.628	-3.387.909	1.510.719
2025 *	5.545.429	-3.672.785	1.872.644

* Útkomuspá fyrir árið 2024 og áætlun fyrir árið 2025

** Nettókostnaður í töflunni er án tillits til lögbundinnar velferðarþjónustu

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir gera ríkar kröfur til félagsþjónustu sveitarfélaga. Áfangaskýrsla II um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem kom út í september 2024, fjallar m.a. um þær áskoranir sem fram undan eru og þá ekki síst hvað varðar ábyrgðarsvið eins og gagnvart öryggisvistun og þjónustu við börn með fjölpættan vanda og yngri hjúkrunarsjúklinga. Ljóst er að enn vantar á til að núverandi þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk verði fullfjármögnuð af ríkinu og því mikilvægt að farið verði vel yfir allar forsendur ábyrgðar- og kostnaðar í þróun málaflokksins til næstu ára.

Málefni útlendinga og umsækjenda um alþjóðlega vernd

Hafnarfjörður hefur undanfarin ár veitt þjónustu til fólks á flóttu á grundvelli samninga við ríkið. Í gildi eru annars vegar samningur Hafnarfjarðarbæjar við Vinnumálastofnun um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og hins vegar samningur bæjarins við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vegna samræmdrar móttöku flóttafólks. Ríki og sveitarfélög eiga í viðræðum um endurnýjun þessara samninga, sem renna út í lok árs 2024. Þá vinna stjórnvöld að stefnumótun í málaflokknum.



Samningarnir kveða á um greiðslur til að mæta þjónustu við fólk á flóttu, annars vegar föstum kostnaði vegna starfsmanna sem sinna aðstoðinni og hins vegar vegna veittrar þjónustu. Sveitarfélagið gerir kröfur á ríkið um endurgreiðslur vegna fjárhagsaðstoðar, stuðningsþjónustu og annarrar félagslegrar aðstoðar.



Rekstraryfirlit:

Fjölskyldubjónusta – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1.533	1.728	1.768
Samtals tekjur	1.533	1.729	1.768
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4.840	4.682	4.043
Annar rekstrarkostnaður	5.955	5.255	5.553
Samtals gjöld	10.796	9.937	9.596
Rekstrarniðurstaða	(9.261)	(8.208)	(7.828)

Skipting fjármagns hjá fjölskyldu- og barnamálasviði í fjárhagsáætlun:



Stöðugildi sviðsins og stofnana sem heyra undir sviðið:

Fjölskyldubjónusta	Stöðugildi 2025	Stöðugildi 2024	Stöðugildi 2023	Stöðugildi 2022	Stöðugildi 2021
Skrifstofa	29	28,2	26,7	25,8	24,8
Brúin/ Farsæld/Barnavernd	22,0	22,6	22,8	13,3	13,5
Þjónusta við aldraða	29,4	27,3	25,1	25,5	26,3
Þjónusta við fatlað fólk	252,4	223,3	224,1	213,4	182
Ýmis félagsþjónusta	15,0	17	14,7	10	5
Samtals	347,8	318,4	313,4	288,0	251,6

Fjölskyldubjónusta	Fjöldi stöðug, 2025	Fjöldi starfsfólks 2025	Fjöldi stöðug, 2024	Fjöldi starfsfólks 2024	Fjöldi stöðug, 2023	Fjöldi starfsfólks 2023	Breyting stöðug, 2025/2024
Skrifstofa félagsþjónustu	29	29	28,2	30	26,7	28	3
Brúin	4	4	5,5	6	6	7	-0,8
Farsæld	7	18	7	7	7	7	0
Barnaverndarmál	3,8	15	3,6	15	3,8	15	0,2
Tómstundastarf aldraðra/ mótuneyti	1,1	2	1,1	2	0,9	2	0
Heimaþjónusta	24,8	32	22,7	30	20,7	30	2,1
Félagsþjónustan Hraunsel	3,5	4	3,5	4	3,5	5	0
Liðveisla	14,5*	120	16*	115	20,2*	133	-1,5
Málefni fatlaðs fólks	4	4	2	2	3	3	2
Straumhvörf	12,6	20	12,9	24	12,2	20	-0,3
Arnarhraun	15,2	29	15,3	30	15,2	25	-0,1
Berjahlíð	11,3	16	10,8	17	10,8	19	0,5
Blikaás	15,3	24	15	26	11,7	20	0,3
Öldugata	14,8	26	15,1	25	15	21	-0,3
Erluás	8,3	17	8,2	16	8,1	15	0,1
Smárahvammur	8,9	17	9,9	15	8,9	13	-1
Steinahlíð	9,4	20	9,4	20	9,2	20	0
Svöluás	10,2	15	10,4	15	10,1	15	-0,2
Svöluhraun	12,6	16	8,8	16	8,8	15	3,8
Lundur	9,8	18	9,3	22	9,2	22	0,5
Hamrar	8,1	12					
Hnotuberg	10,2	17	9,6	16	9,8	15	0,6
Húsið	11,3	19	9,6	20	9,4	19	1,7
Kletturinn	9,1	16	7,1	15	5,7	8	2
Geitungar	22,8	23	17,3	22	17,5	19	5,5
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	11,5	14	10,9	13	11,5	13	0,6
Þjónustuíbúðir Drekaöllum	20,5	30	14,7	26	14,6	24	5,8
Lækur	2,8	7	2,8	8	2,6	4	0
HOF	15	17	17	24	14,7	24	-2
Samtals	331,4	631,0	318,4	607,0	313,4	589,0	31,6
* Tímavinna yfirfærð á stöðugildi							

Mennta- og lýðheilsusvið

Undir mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarkaupstaðar heyra málefni dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, íþróttar- og tómstunda, forvarna, lýðheilsu og tónlistarskóla. Yfirstjórn málefna mennta- og lýðheilsusviðs fer fram í gegnum sviðsskrifstofu hennar.

Hlutverk mennta- og lýðheilsusviðs er að styðja við og efla öflugt og fjölbreytt skólastarf í leik-, grunn- og tónlistarskólum bæjarins, ásamt því að tryggja sterka stoðþjónustu og íþróttar-, tómstunda-, félags- og forvarnastarf. Starfsumhverfi og markvisst starf sem miðar að því að auka vellíðan barna og ungmenna sem dafni í skapandi og styðjandi umhverfi er jafnan í forgrunni. Þar er horft til styrkleika einstaklinga, samvinnu, snemmbærs stuðnings og árangurs hvers og eins.


Fjárheimildir sviðsins hækka úr 23,0 milljörðum króna í 25,2 milljarða króna, sem samsvarar 10% hækkun á milli ára, eða 2,2 milljörðum króna. Fjárheimild vegna fræðslu- og uppeldismála hækkar um 1,4 milljarða króna á árinu, eða um 7%, og hækkar til æskulýðs- og íþróttamála um 0,7 milljónir króna, eða um 27%.

Dagforeldrar

Í Hafnarfirði eru starfandi 26 dagforeldrar sem sinna yngstu íbúum bæjarins. 104 hafnfirsk börn eru hjá dagforeldri í Hafnarfirði.

Heimgreiðslur

Heimgreiðslur, 112.563 kr. á mánuði, eru til foreldra/forráðamanna barna sem ekki eru í leikskóla eða hjá dagforeldri. Greiðslurnar eru til foreldra barna á aldrinum 12–30 mánaða eða þar til börnin hefja leikskólagöngu sína eða komast að hjá dagforeldri.



Fjöldi heimgreiðslna til foreldra barna í Hafnarfirði eftir aldri.

Leikskólar

Í Hafnarfirði eru starfræktir 17 leikskólar á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Auk þess er einn sjálfstætt starfandi leikskóli. Í leikskólum bæjarins eru um 1.600 börn. Nýr leikskóli, Áshamar, verður opnaður í Hamranesi á árinu 2025. Skólinn er sex deilda og verður sjálfstætt rekinn.

Grunnskólar

Grunnskólar Hafnarfjarðar eru níu. Að auki eru tveir sjálfstætt reknir grunnskólar í sveitarfélaginu. Alls eru um 4.400 grunnskólanemendur í Hafnarfirði.

Bygging nýs leik- og grunnskóla, Hamranesskóla, hefst á árinu 2025. Skólinn verður heildstæður skóli með börnum frá 12 mánaða til 16 ára. Heildarnemendafjöldi verður á bilinu 600–700 börn. Gert er ráð fyrir um það bil 80 börnum á aldrinum 12 mánaða til 6 ára á fjórum heimasvæðum. Nemendur á aldrinum 6–16 ára verða milli 500–600 og hafa til yfirráða 20 heimasvæði. Hver árgangur samsvarar tveimur bekkjum. Skólastjórnun verður ein fyrir allan skólann; einn skólastjóri og tveir aðstoðarskólastjórar, annar fyrir yngri nemendur og hinn fyrir eldri. Gert er ráð fyrir að verksamningur verði kominn á við bjóðanda í febrúar 2025. Skólanum er skilað í þremur áföngum; fyrsti áfangi verður tilbúinn í kennslu haustið 2026, annar áfangi haustið 2027 og skólinn verður svo fullkláraður fyrir haustið 2028.

Tónlistarskóli

Tónlistarskólinn starfar á tveimur stöðum, við Strandgötu og í Skarðshlíðarskóla. Einnig sinna tónlistarkennarar kennslu forskóla í öllum grunnskólum.

Nýsköpunar- og tæknisetrið

Vinnu við þróun nýsköpunar- og tækniseturs verður haldið áfram og fleiri rými verða tekin í notkun samhliða því að hýsa eina af tveimur miðstöðvum ungs fólks í Hafnarfirði. Markmið og tilgangur nýsköpunar- og tæknisetursins verður að auka aðgengi að skapandi hugsun og stuðla að framgangi hugmynda. Setrið styður við einstaklinga og hópa með faglegri leiðsögn og stuðningi sérfræðinga í nýsköpun og skapandi lausnum. Lagt hefur verið til að setrið hljóti nafnið *Hugviti* og verði formlega opnað árið 2025 en setrið hefur tekið á móti fjölmörgum grunnskólabörnum á sl. skólaári ásamt því að standa fyrir námskeiðum, fyrirlesturum og smiðjum. Í setrinu er að finna tækjakost sem styður við þróun og nýsköpun í skólastarfi en nýr forstöðumaður mun halda áfram að þróa setrið í takt við væntingar skólasamfélagsins og hugmyndir ungs fólks.

Áherslur fræðsluráðs í fjárhagsáætlun mennta- og lýðheilsusviðs 2025

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir mennta- og lýðheilsusvið er lögð sérstök áhersla á að stuðla að fjölbreyttri og heildstæðri þjónustu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur í takt við, barnvænt samfélag og menntastefnu sveitarfélagsins, sem leggur áherslu á fjölbreytni, samvinnu, vellíðan og sköpun í hafnirsku skólastarfi.

Unnið verður markvisst að innleiðingu menntastefnu ríkis og sveitarfélags í gegnum hvata- og þróunarstyrki tengda áherslupáttum menntastefnu Hafnarfjarðar, fyrir kennara og einstaka hópa innan skólanna.



Fræðsluráð samþykkti að setja aukinn kraft í að byggja upp sterka sjálfsmynd nemenda og auka þannig vellíðan þeirra. Leiðarljós menntastefnunnar byggja á fjórum meginþáttum: Sköpun, fjölbreytileika, vellíðan og samvinnu. Eitt af markmiðum menntastefnunnar er að leggja áherslu á vellíðan, félagslegt öryggi og sjálfstæði. Unnið verður að því að hvetja og styðja sérstaklega við frumkvæði kennara sem tengist þáttum stefnunnar.

Fimm milljónir króna fara úr þróunarsjóði til skólabókasafna á árinu og dreifast þær hlutfallslega á alla grunnskóla.

Huga þarf að því að styrkja þjónustu við jaðarhópa í öllu starfi með börnum og ungmennum og verður markvisst unnið að því með félagsmiðstöðvum bæjarins. Lögð verður áhersla á að leita leiða við að þjónusta börn sem eru í skólaforðun.

Þá verður einnig lögð áhersla á að unnið verði áfram að áhættugreiningu á nýjum kennsluhugbúnaði fyrir leik- og grunnskóla til að tryggja öryggi og gæði í kennslu. Gerðar verða breytingar á tölvunotkun grunnskólabarna á árinu í samvinnu við stjórnendur grunnskóla með það að markmiði að efla almenna tölvukunnáttu, fingrasetningu o.þ.h.

Útboð vegna skólamáltíða og skólaaksturs verður á árinu 2025. Hádegismatur verður áfram gjaldfrjálst í grunnskólum og áhersla lögð á að minnka sóun og auka val barna.

Frá og með hausti 2025 verður settur á frístundastyrkur fyrir 5 ára börn að upphæð 26.000 krónur eða um hálfur styrkur barna 6–18 ára. Markmið styrksins er að skapa fleiri tækifæri ungra barna til þátttöku í frístundastarfi. Frá hausti 2025 verður frístundastyrkur 6–18 ára aukinn í 59.000 krónur.

Börn í leit að vernd

Á árinu 2025 mun hefjast markviss vinna við undirbúning fjölskyldumiðstöðvar fyrir flótt- og hælisleitendur. Markmiðið með fjölskyldumiðstöð er fyrst og fremst að undirbúa börnin fyrir leik- og grunnskólagöngu sína í hefðbundnum skólum, styrkja málumhverfi þeirra og veita snemmbæran stuðning. Miðstöðin mun einnig styðja við fjölskyldur á einum og sama stað með þverfaglegu teymi sérfræðinga eins og þörf er á og undirbúa einstaklingana fyrir það að taka þátt í samfélaginu, auk þess að veita fræðslu og almennan stuðning. Með þessu úrræði er komið mun betur til móts við þarfir þessara fjölskyldna og jafnara álag verður á skóla- og velferðarkerfið. Þannig stuðlum við að inngildingu barna og fjölskyldna þeirra inn í íslenskt menntakerfi og samfélag.

Verkefni á árinu

Rík áhersla verður lögð á viðhald og endurbætur leik- og grunnskólalóða með auknu fjármagni og framkvæmdaáætlun til 5 ára. Einnig verður lögð áhersla á að endurbæturnar tryggi öruggt og hvetjandi leik- og námsumhverfi barna.

Fræðsluráð hefur samþykkt að skoða möguleika á að setja á stofn íþróttaklasa í Hamranesi. Stofnaður verður starfshópur skipaður kjörnum fulltrúum í fræðsluráði og embættismönnum á mennta- og lýðheilsusviði. Hópurinn mun greina þörf hafnafirskra íþróttafélaga fyrir æfingaaðstöðu og skoða samnýtingu á búningaaðstöðu.



fundarrýmum og skrifstofum. Starfshópurinn mun skoða Hamranesið sem mögulegan valkost og leggja mat á áhrif íþróttaklasans á nærsamfélagið. Starfshópur skal einnig skoða annars konar starfsemi á svæði fyrir tómstundir og/eða íþróttir.

Rekstraryfirlit:

Fræðsluþjónusta – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1.341	1.520	1.435
Samtals tekjur	1.341	1.520	1.435
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	14.461	14.105	13.338
Annar rekstrarkostnaður	8.511	7.646	6.728
Samtals gjöld	22.972	21.751	20.066
Rekstrarniðurstaða	(21.661)	(20.231)	(18.631)

Stöðugildi og starfsmanna- og nemendafjöldi sviðsins og stofnana þess:

Leikskólar	Fj. stöðu- gilda 2025	Fj. stm. 2025	Fj. nem. 2025	Fj. dvalar- gilda 2025	Fj. stöðu- gilda 2024	Fj. stm. 2024	Fj. nem. 2024	Fj. dvalar- gilda 2024
111-Álfaberg	26,4	31	85	870	22,9	27	85	882
112-Norðurberg	31,6	34	101	1.031	30,5	35	98	1.008
113-Arnarberg	24,9	26	84	867	26,5	26	84	825
114-Smáralundur	23,4	27	67	669	22,5	24	67	640
115-Viðivellir	34,0	39	86	895	32,7	37	83	885
116-Hvammur	34,3	41	122	1.160	33,0	43	122	1.158
118-Hlíðarberg	24,8	29	94	914	28,0	33	94	982
119-Vesturkot	23,1	26	84	928	24,3	25	84	927
121-Hlíðarendi	24,4	28	84	813	23,9	28	84	886
122-Hörðuvellir	22,2	25	75	759	20,4	21	75	681
123-Álfasteinn	27,9	29	74	707	28,7	33	74	713
124-Tjarnarás	25,6	27	80	797	24,7	28	80	777
125-Stekkjarás	48,8	54	163	1.683	43,4	54	148	1.586
126-Hraunvallask	37,0	39	133	1.359	48,0	48	133	1.441
127-Hamravellir	39,5	43	124	1.174	38,0	46	123	1.281
129-Bjarkalundur	23,1	26	68	700	24,2	28	66	719
0130-Skarðshlíð	27,3	29	74	735	23,3	29	74	649
Samtals:	498,3	553	1.598	16.061	495,0	565	1.574	16.039

Grunnskólar	Fjöldi kennslu- stunda 2025	Fjöldi nem. 2025	Fjöldi kennslu- stunda 2024	Fjöldi nem. 2024	Fjöldi kennslu- stunda 2023	Fjöldi nem. 2023	Fjöldi kennslu- stunda 2022	Fjöldi nem. 2022
Lækjarskóli	1.298	438	1.241	438	1.233	445	1.202	448
Öldutúnsskóli	1.526	634	1.544	610	1.513	611	1.522	611
Viðistaðaskóli	1.313	527	1.240	501	1.253	490	1.233	506
Engidalsskóli	617	219	679	240	595	226	582	221
Setbergsskóli	1.221	430	1.221	423	1.125	422	1.112	421
Áslandsskóli	1.211	453	1.109	429	1.134	451	1.168	474
Hvaleyrarskóli	1.265	389	1.080	398	1.080	404	1.051	401
Hraunvallaskóli	1.810	559	1.732	571	1.881	631	1.857	664
Skarðshlíð	1.503	543	1.171	419	993	358	858	320
Barnaskóli Hjallastefnu		92		92		92		
Nú		80		80		80		
Samtals:	11.764	4.364	11.017	4.201	10.807	4.210	10.585	4.066

Önnur fræðslustarfsemi / stöðþjónusta	Stg. 2025	Stm. 2025	Stg. 2024	Stm. 2024	Stg. 2023	Stm. 2023	Stg. 2022
Skólaskrifstofa	14,69	15	15	15	10	10	10
Sérfræðiþjónusta	12	12	12	12	12,5	13	12,5
Nýsköpunarsetur	2	2	1	1	0	0	0
Tónlistarskóli	39,4	49	38,4	47	37,6	47	37,6
Samtals:	68,09	78	66,4	75	60,1	70	60,1

Íþrótt-, tómstunda- og lýðheilsumál

Yfirstjórn íþrótt- og tómstundamála fer í gegnum skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. Fjárheimild hækkar um 745 milljónir króna milli ára, eða um 27%. Fjárheimild var árið 2024 2,8 milljarðar en verður 3,5 milljarðar fyrir árið 2025.

Í Nýsköpunarsetrinu, húsnæði Menntasetursins við Lækinn, verður sérstök aðstaða fyrir 16–24 ára ungmenni. Þau munu hafa aðgang að tækjum miðstöðvarinnar og dagskrá verður sniðin að þörfum þeirra. Ungmennastarf verður fjölbreytt og deildaskipt og unnið eftir tillögum ungmenna, meðal annars í gegnum ungmennaping sem haldið var í haust í samvinnu við ungmennaráð.

Nýsköpunardeild höfðar til ungs fólks sem vill vinna í nýsköpun, margmiðlun og hönnun. Listadeild stendur fyrir listsköpun, tónleikum og skapandi sumarstörfum og ýtir undir þátttöku ungmenna í listtengdu starfi. Félags- og forvarnadeildin stendur fyrir opnum húsum, „Eldhúsinu“ og fjölbreyttu ungmennastarfi.

Frístundasetrið Selhelli 7

Fjölbreytt starf fyrir ungt fólk fer af á stað Selhelli 7 á árinu. Atvinnu- og virknideild er nýtt úrræði sem býður ungu fólki án atvinnu og utan skóla upp á stuðning, ráðgjöf, námskeið og ýmis verkefni. Áhersla verður lögð á að veita aðgengi og ráðgjöf til að styðja við ungt fólk til að komast í atvinnu, skóla eða virkni tengd úrræði.

Einnig verður boðið upp á frístundastarf sem ætlað er fyrir framhaldsskólanemendur með fötlun eftir að skóla lýkur á daginn og í fríum nemenda í framhaldsskólanum. Á Selhelli 7 verður einnig fjölbreytt hópastarf fyrir ýmsa hópa ungs fólks.

Forvarnarfulltrúi

Þjóðfélagsbreytingar kalla á auknar forvarnir í líf barna og ungmenna. Frá og með hausti 2025 verður starfandi forvarnarfulltrúi í 100% stöðu sem sinnir forvörnum í víðu samhengi. Mál sem eru ofarlega á baugi hjá ungu fólki verða viðfangsefni forvarnarfulltrúans, eins og ofbeldi, vímuevarnir, geðrækt, kyn- og kynjafræði og samhæfing aðila í sveitarfélaginu, auk samstarfs við foreldra og aðra utanaðkomandi aðila og stofnanir.

Barnvænt samfélag

Hafnarfjörður vinnur að því í samstarfi við UNICEF að verða formlega barnvænt sveitarfélag. Verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags flyst yfir á skrifstofu íþrótt- og tómstundafulltrúa. Ungmennaráð Hafnarfjarðar og starfsmenn bæjarins taka virkan þátt í innleiðingarferlinu. Stefnt er að því að klára það ferli í lok maí 2025 og gæti Hafnarfjörður þá hlotið viðurkenninguna að verða barnvænt sveitarfélag.

Virkir samningar eru milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og íþróttta- og tómstundafélaga. Rekstrarsamningar hækka að jafnaði um 5,6% vegna rekstrarhluta en um 4,2% vegna launahluta. Fjöldi barna sem skráð eru í íþróttahreyfinguna eykst um 20,7% á milli ára, eða úr 8.208 iðkendum í 9.906, og veldur það því að framlag Hafnarfjarðarbæjar til íþróttafélaga hækkar (sjá töflu).

Aðstaða íþróttafélaga

Knatthús Hauka verður opnað í byrjun árs. Strax verður hægt að æfa knattspyrnu þar en frágangur búningasklefa bíður. Eldri bæjarbúum mun gefast kostur á að nýta húsnæðið fyrir göngu og aðra hreyfingu á dagtíma.

Reiðhöll Sörla verður að óbreyttu opnuð í kringum sumardaginn fyrsta. Samið verður við Sörla um rekstur hallarinnar og notendum tryggð aðstaða í hæsta gæðaflokki. Yngri hópar iðkenda munu njóta forgangs vegna æfinga. Almennungi sem stundar ýmsa útivist á svæðinu mun gefast tækifæri til að nýta höllina sem upphafs- og hvíldarstað, og til að komast á salerni.

Samstarf verður við Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar um leiðir til að efla unglingastarf þess og um leið flyst starfsemi Mótorhússins til félagsins.

Ný aðstaða Brettafélags Hafnarfjarðar var opnuð á miðju ári 2024. Aðstaðan er ein sú besta í Evrópu og fjöldi nýrra iðkenda hefur aukist. Nýr rekstrarsamningur Hafnarfjarðarbæjar og Brettafélagsins vegna nýju aðstöðunnar tekur gildi í byrjun árs.

Unnið er að því að bæta aðstöðu Hnefaleikafélagsins að Dalshrauni 10. Aukning iðkenda hefur verið talsverð og þrengsli staðið þróun starfsins fyrir dyrum. Stefnt er að því að auka æfingasvæðið um 100 fermetra.

Heilsubærinn

Verkefni vegna Heilsubæjarins Hafnarfjarðar tilheyra sviðinu en verkefnin eru þverfagleg og tengjast mörgum sviðum Hafnarfjarðarkaupstaðar. Meðal helstu verkefna sem eru fyrirhuguð árið 2025 eru Hamingjuvika að hausti, fræðslukvöld í Bæjarbíói, barnaratleikir við Hvaleyrarvatn, vímuvarnaverkefni í unglingadeildum, finna leið til að auka aðgengi bæjarbúa að vatnsbrunnum á almenningssvæðum og menningar- og heilsugöngur næsta sumar. Áætlað er að 10 milljónir króna renni í verkefni Heilsubæjarins Hafnarfjarðar.

Sundlaugar

Vinna hönnuðar hefst við að hanna útisvæði Ásvallalaugar. Þar er meðal annars fyrirhugað að vera með kennslulaug fyrir yngstu árganga, 25 metra sundlaug og vatnsleikjasvæði fyrir börn.

Opnunartími Suðurbæjarlaugar lengist og verður til 21.00 á sunnudagskvöldum. Endurskoðað verði vaktafyrirkomulag sundlauga með frekari breytingar á opnunartíma að markmiði.

Hlutfall og fjöldi unglunga

Áætlun um fjölda unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2025 og þróun tímakaups án orlofs:

	Fjöldi	Í skólum í Hfj. 2024- 2025	Hlutfall (%) unglinga	Tímakaup 2022	Tímakaup 2023	Tímakaup 2024
8. bekkur	350	396	88%	779	798	805
9. bekkur	400	458	87%	1.017	1.064	1.073
10. bekkur	300	453	66%	1.255	1.330	1.341
Samtals	1.050	1.307	80%			

Tímakaup er ákveðið út frá kjarasamningum og launatöflum Verkalýðsfélagsins Hlífar og tekur mið af launaflokki 118. Nemendur í 8. bekk fá 30% laun af þeim flokki, 9. bekkur 40% og 10. bekkur 50%, eins og gert er hjá flestum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Framlög til íþróttafélaga í þúsundum króna:

	2024			2025		
	Samtals	Rekstur	Þjónusta	Samtals	Rekstur	Þjónusta
Fimleikafélag Hafnarfjarðar						
Íþróttamiðstöð Kaplakrika	159.896	159.896		167.395	167.395	
Knatthúsið Kaplakrika Skessan	49.208	49.208		27.000	27.000	
Þjónustusamningur	23.793		23.793	24.492		24.492
Kaplakrikavöllur - sláttur og umhirða	6.203	6.203		9.051	9.051	
Hybridvöllur				10.200	10.200	
Samtals	239.100	215.307	23.793	238.138	213.646	24.492
Knattspyrnufélagið Haukar						
Íþróttamiðstöð Ásvöllum	160.835	160.835		168.378	168.378	
Þjónustusamningur	18.664		18.664	19.475		19.475
Íþróttasvæði Ásvöllum - sláttur og umhirða	5.064	5.064		7.848	7.848	
Knatthöll Hauka				36.000	36.000	
Samtals	184.563	165.899	18.664	231.701	212.226	19.475
Fimleikafélagið Björk						
Íþróttamiðstöð Bjarkar	41.448	41.448		46.292	46.292	
Þjónustusamningur	15.596		15.596	17.430		17.430
Samtals	57.043	41.448	15.596	63.721	46.292	17.430
Badmintonfélag Hafnarfjarðar						

Íþróttahúsið við Strandgötu	52.787	52.787		55.262	55.262	
Þjónustusamningur	8.191		8.191	8.401		8.401
Samtals	60.977	52.787	8.191	63.663	55.262	8.401
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar						
ÍBH – skrifstofa	13.345		13.345	14.093		14.093
ÍBH – styrkir	25.717		25.717	27.335		27.335
Samtals	39.062		39.062	41.428		41.428
Önnur félög						
Golfklúbburinn Keilir	16.027	7.836	8.191	16.807	8.275	8.532
Hestamannafélagið Sörli	34.001	25.810	8.191	35.656	27.255	8.401
Reiðhöll Sörla				10.500	10.500	
Siglingaklúbburinn Þytur	10.050	7.147	2.903	11.750	7.547	4.204
Hamarsvöllur – sláttur og umhirða	5.064	5.064		6.500	6.500	
Skátafélagið Hraunbúar	11.685	11.685		12.233	12.233	
Íþróttafélagið Fjörður	1.929	613	1.316	2.002	647	1.355
Sundfélag Hafnarfjarðar	9.778		9.778	10.191		10.191
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	4.490		4.490	6.661		6.661
Skákfélag Hafnarfjarðar	200	200		200	200	
Golfklúbburinn Setbergi	800	800		800	800	
Kvartmíluklúbbur Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Íþróttafélag Hafnarfjarðar	600	600		600	600	
Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	900	500	400	2.484	500	1.984
Bridgefélag Hafnarfjarðar	200	200		200	200	
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Brettafélag Hafnarfjarðar	13.413	5.223	8.191	17.901	9.500	8.401
Bogfímifélagið Hrói Höttur	400	400		400	400	
Bláfjallasvæði	33.000	30.000	3.000	45.012	42.012	3.000
Sambo80	400	400		1.975	1.575	400

Blakfélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Listdansskóli Hafnarfjarðar	3.781	3.781		3.959	3.959	
Tennisfélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Pílufélag fatlaðra	400	400		400	400	
Björgunarsveit Hafnarfjarðar	20.069	20.069		21.010	21.010	
	169.187	122.727	46.460	209.239	156.112	53.127
Samtals	749.932	598.168	151.765	847.891	683.538	164.352

Rekstraryfirlit:

Íþróttar-, tómstunda- og lýðheilsu- mál - m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1.975	1.908	1.060
Samtals tekjur	1.975	1.908	1.060
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.429	1.287	1.264
Annar rekstrarkostnaður	4.096	3.427	2.861
Samtals gjöld	5.526	4.713	4.125
Rekstrarniðurstaða	(3.550)	(2.805)	(3.065)

Fjöldi stöðugilda og starfsmanna

Íþróttar-, tómstunda og lýðheilsu- mál	Fjöldi stöðugilda 2025	Fjöldi starfsmanna 2025	Fjöldi barna 2025	Fjöldi stöðugilda 2024	Fjöldi starfsmanna 2024	Fjöldi barna 2024
Skrifstofa æskulýðsmála	4,5	5		3,0	3	
Frístundaheimilið Lækjarsel	8,48	17	110	7,5	14	88
Frístundaheimilið Selið	8,60	16	162	9,2	13	171
Frístundaheimilið Hraunkot	6,56	15	92	6,3	9	81
Frístundaheimilið Álfakot	5,52	14	91	6,6	13	93
Frístundaheimilið Krakkaberg	8,83	20	121	7,7	12	115
Frístundaheimilið Tröllheimar	7,70	17	135	7,6	19	114
Frístundaheimilið Holtasel	7,28	16	106	6,1	12	117
Frístundaheimilið Hraunsel	8,99	18	126	9,7	16	132
Frístundaheimilið Skarðssel	10,30	20	151	11,2	12	157
Félagsmiðstöðin Músik og mótör	1,3	4		1,3	4	
Félagsmiðstöðin Vitinn	2,25	6		2	6	
Félagsmiðstöðin Aldan	2,25	6		2	6	

Félagsmiðstöðin Dalurinn	0,5	1		0,5	1	
Félagsmiðstöðin Hraunið	2,25	6		2	6	
Félagsmiðstöðin Setrið	2,25	6		2	6	
Félagsmiðstöðin Ásinn	2,25	6		2	6	
Félagsmiðstöðin Verið	2,25	7		2	7	
Félagsmiðstöðin Mosinn	2,25	6		2	6	
Félagsmiðstöðin Skarðið	2,25	6		2	6	
Ungmennahúsið Hamarinn				2,2	7	
Hinsegin hittingur HHH	0,5	5		0,5	5	
Nýsköpunarsetrið	4,5	5		1	1	
Vinaskjól	8,85	15				
Kletturinn	9,73	14				
Samtals félagsmiðstöðvar og frístundaheimili	115,64	246		93,2	187	
Suðurbæjarlaug	13,8	21		13,8	21	
Sundhöll Hafnarfjarðar	5,4	6		5,45	6	
Ásvallalaug	22,6	32		20,6	30	
Samtals sundlaugar	41,8	59		39,9	57	
Samtals	161,9	310,0	1,094	136,1	247,0	1,068

Menningarmál

Menningarmál heyra undir þjónustu- og þróunarsvið. Menningarstofnanir Hafnarfjarðarbæjar eru: Bókasafn Hafnarfjarðar, Byggðasafn Hafnarfjarðar og Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Verkefnastjóri á þjónustu- og þróunarsviði hefur umsjón með atvinnu-, ferða- og menningarmálum, auk viðburðastjórnunar, og sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og að samræma þátttöku menningarstofnana í föstum viðburðum og fleiri verkefnum. Hátíðarhöld á 17. júní eru í umsjón mennta- og lýðheilsusviðs.

Til menningarmála er varið um 755 milljónum króna og er þá framlag til byggðasafns, bókasafns, skjalasafns og Hafnarborgar meðtalið. Styrkir til menningarmála hækka um 8 milljónir króna milli ára. Hátíðin Hjarta Hafnarfjarðar fær 12 milljónir króna en hafði áður verið með fastan samning upp á 5 milljónir króna sem var hluti af menningarstyrkjum bæjarins. Menningarstyrkir sem menningar- og ferðamálanefnd úthlutar lækka úr 15,5 milljónum króna í 11,5 milljónir króna. Heildarfjárhæð styrkja til viðburða og menningar verða því samtals 23,5 milljónir króna í samanburði við 15,5 milljónir króna árið 2024.

Stofnaður verði starfshópur sem greini og útfæri tillögur að framtíðarhúsnæði fyrir atvinnuleikhús í bænum á hafnarsvæðinu.

Framlag vegna höggmyndagarðs er um 3,5 milljónir króna. Framlag vegna ýmissa hátíða verður 9,3 milljónir króna og framlag til Jólaborpsins og Hjartasvellsins verður 37,1 milljónir króna. Þessar fjárhæðir hækka í takt við vísitölu.

Undir söfn flokkast frá og með árinu 2022 skjalasafn sveitarstjórnarskrifstofu, sem áður var fært undir bæjarskrifstofu á stjórnsýslusviði. Tvö stöðugildi skjalastjóra og skjalavarðar, auk leigu- og rekstrarkostnaðar við nýja skjalageymslu bæjarins við Hvaleyrarbraut 39, eru samtals 37,5 milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Menningarmál – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	23	17	27
Samtals tekjur	23	17	27
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	361	330	312
Annar rekstrarkostnaður	416	379	344
Samtals gjöld	778	709	656
Rekstrarniðurstaða	(755)	(692)	(629)

Atvinnumál

Framlag Hafnarfjarðarbæjar til Markaðsstofu Hafnarfjarðar verður óbreytt eða 10,7 milljónir króna líkt og árið 2024. Hafnarfjarðarbær er í samstarfi við önnur sveitarfélög um rekstur Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og verður framlag bæjarins til reksturs hennar 10,3 milljónum króna árið 2025 eins og árið áður.

Aðrar fjárveitingar til ferða- og atvinnumála verða um 10 milljónir króna árið 2025 og samtals fær málaflokkurinn því um 31,3 milljónir króna. Bærinn rekur upplýsingamiðstöð ferðamanna, sem er í þjónustuveri og byggðasafni um helgar. Hafnarfjörður er markaðssettur á ferðamannaskiltum og með kortum, bæklingum og bókum, og unnið að markvissri uppbyggingu ferðamannastaða.

Bókasafn Hafnarfjarðar

Bókasafn Hafnarfjarðar er þekkingarveita og fræðslustofnun sem heldur uppi virkri og fjölbættri bókasafns- og upplýsingaþjónustu.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 8 milljónir króna. Stöðugildi eru 15,5 en fastir starfsmenn eru 16 auk forstöðumanns. Auk þess starfa sjö tímavinnustarfsmenn hjá safninu, 5 starfsmenn í 30-50% í atvinnu með stuðningi og bókasafnið hefur fjórar stöður yfir sumarmánuðina til afleysinga í orlofi starfsmanna.

Öll starfsemi bókasafnsins fer fram á Strandgötu 1. Rekstrarkostnaður bókasafnsins er áætlaður 297 milljónir króna, þar af er launakostnaður 200 milljónir króna, vörukaup 37 milljónir króna og þjónustukaup rúmlega 68 milljónir króna. Stærstu kostnaðarliðir eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, viðburðahald, aðkeypt önnur sérfræðiþjónusta (m.vsk.), netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa og innkaup á safnefni.

Unnið verður að enn fjölbreyttara viðburðahaldi bókasafnsins, svo sem með teiknimyndasmiðjum og ritsmiðjum, barnaviðburðum á laugardögum, tónlistarviðburðum og fjölmenningarlegum verkefnum. Áfram verður unnið að sameiginlegri skipulagningu og markaðssetningu viðburða menningarstofnana miðbæjarins.

Rekstraryfirlit:

Bókasafn – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	8	8	8
Samtals tekjur	8	8	8
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	200	180	175
Annar rekstrarkostnaður	105	99	87
Samtals gjöld	305	279	262
Rekstrarniðurstaða	(297)	(271)	(255)

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Hafnarfjarðar fyrir árið 2025 hljóðar upp á tæpar 126 milljónir króna. Áætlunin skiptist í grófum dráttum þannig að launakostnaður er áætlaður 58 milljónir króna og rekstrarkostnaður um 63 milljónir króna. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Settar verða tvær milljónir króna í húsafriðunarsjóð á árinu 2025.

Byggðasafn Hafnarfjarðar starfar í almannabágu og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Það starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, safnalögum og lögum um menningarminjar. Safnið er opið almenningi á auglýstum tímum og skal auk þess kynnt nemendum allra skólastiga í samráði við skólayfirvöld.

Föst stöðugildi á safninu eru 3,65 en að auki eru á safninu þrjár 75% stöður í þrjá mánuði á ári við yfirsetu yfir sumarið og stöður yfirsetufólks sem situr yfir sýningum um helgar, aðallega á sumrin en einnig yfir vetrarmánuðina. Auk þessa hefur safnið tekið þátt í tímabundnum verkefnum „Atvinna með stuðningi“ með 20% stöðugildi. Byggðasafnið heldur að jafnaði úti níu sýningum í sex húsum ár hvert og þar af eru tvær nýjar sýningar settar upp á ári. Eldri sýningar eru uppfærðar og lagfærðar að nokkru marki ár hvert. Safnið stendur fyrir viðburðum af ýmsu tagi, svo sem sögu- og minjagöngum, fyrirlestraröð og jóladagskrá. Safnið er einnig þátttakandi í viðburðum eins og Safnanótt, Björtum dögum, Íslenska safnadeginum, menningargöngum, Jólaborpinu og jóladagskrá fyrir leikskóla.

Rekstraryfirlit:

Byggðasafn – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1	1	3
Samtals tekjur	1	1	3
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	58	53	50
Annar rekstrarkostnaður	68	53	48
Samtals gjöld	126	106	99
Rekstrarniðurstaða	(126)	(105)	(96)

Hafnarborg

Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, stendur fyrir fjölbreyttri sýningardagskrá þar sem lögð er áhersla á að auðga upplifun gesta af sýningum og safneign. Hafnarborg rekur einnig alþjóðlega gestavinnustofu. Hlutverk Hafnarborgar er að standa fyrir öflugum og metnaðarfullu menningarstarfi sem endurspeglar gerjun samtímans og stuðla þannig að fjölbreyttu mannlífi. Hafnarborg er vettvangur fyrir ungt listafólk á sviði myndlistar og tónlistar og tengist þannig nýjum kynslóðum á hverjum tíma.

Fjárhagsáætlun Hafnarborgar fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir tekjum að fjárhæð 13 milljónir króna.

Styrkir sem Hafnarborg nýtur koma frá sjóðum á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis; Safnasjóði, Tónlistarsjóði og Myndlistarsjóði. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir og ekki er hægt að treysta á styrki úr þeim þótt ávallt sé sótt um til þeirra verkefna sem til stendur að vinna á hverju ári.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 183 milljónir króna. Rekstrargjöldin samanstanda af 70 milljóna króna launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði upp á 113 milljónir króna

Stöðugildi safnsins eru 4,2 auk tímavinnufólks á föstum helgarvöktum í afgreiðslu.

Starfsemi safnsins fer nú fram á tveimur stöðum; í safnhúsinu við Strandgötu og í fjargeymslum. Stærstu liðir rekstrarkostnaðar fasteigna eru innri og ytri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Lyfta verður endurnýjuð en kostnaður er áætlaður 10 milljónir króna sem er tekið af fjárfestingarhluta fjárhagsáætlunarinnar.

Helstu kostnaðarliðir eru sýningargerð, útgáfa og viðburðir. Gert er ráð fyrir uppsetningu tíu sýninga á næsta ári með tilheyrandi dagskrá við hverja þeirra, leiðsögn listamanna og sýningarstjóra, málþingum, stafrænni miðlun kynningarrefnis, fjölskyldusmiðjum og fleiru. Nýtt verkefni sem hefur vinnuheitið Bogastofa fyrir börn, upplifunar- og fjölskyldurými, fær 2 milljónir króna.

Markmiðið er að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum fyrir börn og fjölskyldur í safninu auk þess að taka þátt í sameiginlegum viðburðum. Lögð er áhersla á safnfræðslu nemenda af öllum skólastigum og auk verkefnisins Listir, hugarefli og vellíðan: Hittumst á safninu, sem eru reglulegar fræðslustundir fyrir fólk með heilabilum, auk þess að sinna fjölmeningarlegum verkefnum og halda úti blómlegu tónlistarstarfi, þ.m.t. hádegistónleikum og öðru tónleikahaldi.

Rekstraryfirlit:

Hafnarborg – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	13	8	13
Samtals tekjur	13	8	13
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	71	69	62
Annar rekstrarkostnaður	114	105	105
Samtals gjöld	185	174	167
Rekstrarniðurstaða	(172)	(165)	(154)

Mannauður:

Menningarmál	Fjöldi stöðugilda 2025	Fjöldi starfsm. 2025	Fjöldi stöðugilda 2024	Fjöldi starfsm. 2024	Fjöldi stöðugilda 2023	Fjöldi starfsm. 2023
Bókasafn	15,4	25	15,3	25	15,4	18
Byggðasafn	3,6	6	3	5	3	3
Hafnarborg	4,2	10	4,1	9	4,4	6
Skjalasafn	2	2	2	2	2	2
Samtals	25,2	43	24,4	41	24,8	29

Brunamál og almannavarnir

Í málaflokknum er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um 353 milljónir króna og til Björgunarsveitar Hafnarfjarðar um 25 milljón króna, en hluti af því er í formi niðurgreiðslu fasteignagjalda. Framlag til Slökkviliðsins hækkar um 8 % frá árinu 2024.

Rekstraryfirlit:

Brunamál og almannavarnir - m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	379	351	300
Samtals gjöld	379	351	300
Rekstrarniðurstaða	(379)	(351)	(3)

Hreinlætismál

Hreinlætismál

Framlög til hreinlætismála eru vegna heilbrigðiseftirlits og sorps.

Hafnarfjarðarkaupstaður er aðili að SORPU bs., sem hefur það hlutverk að annast meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin. Terra ehf. annast sorphirðu frá heimilum í sveitarfélaginu og var verkið boðið út 2022 til átta ára. 2023 var hafin frekari flokkun við heimili og nú tekið við blönduðu heimilissorpi, lífrænum úrgangi, plasti og pappír. Innleiðingin hefur gengið mjög vel. Raunkostnaður fyrir sérbyli með sambærilega þjónustu og fyrir innleiðingu hækkar minna en almenn verðlagsþróun. Framlag til SORPU verður 264 milljónir, en framlag vegna sorphirðu heimilissorps og eyðingar er um 470 milljónir króna.

Í sveitarfélaginu eru reknar sjö grenndargámastöðvar. Einnig er í sveitarfélaginu endurvinnslustöð SORPU á Breiðhelli og er þar tekið á móti öllum flokkum úrgangs.

Móttökugjöld SORPU bs. eiga að standa undir kostnaði við veitta þjónustu, eins og lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 kveða á um. Sorphirðugjaldið mun nú skiptast í fast gjald og breytilegt gjald, vegna hirðingar og eyðingar, sem fer eftir stærð tunna. Sem dæmi má nefna að sorphirðugjald heimilis sem er með eina tvískipta tunnu og tunnu fyrir plast og tunnu fyrir pappír verður nú 73.639,- krónur, sem er um 4% hækkun frá fyrra ári. Gjald heimilis með tvær tvískiptar tunnur verður 62.683,- krónur, sem er um 4% lækkun frá fyrra ári.

Með nýju sorphirðukerfi geta íbúar nú loks aðlagð sig að sínum þörfum fyrir sorphirðu og greitt í samræmi við það.

Áætlað er að fjármagn til Heilbrigðiseftirlits hækki um 11 milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Hreinlætismál – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	777	690	815
Samtals tekjur	777	690	815
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	818	1061	671
Samtals gjöld	818	1061	671
Rekstrarniðurstaða	(41)	(370)	(120)

Skipulags- og byggingarmál

Skipulags- og byggingarmál vegna ársins 2025

Vinna við gerð aðalskipulags Hafnarfjarðar fyrir árin 2026–2038 er í fullum gangi og verður lokið árið 2025. Í framhaldi þeirrar vinnu er megináhersla lögð á áframhaldandi vöxt bæjarins, enduruppbyggingu innan eldri iðnaðar- og athafnasvæða og sjálfbærni, í samræmi við hugmyndir um þéttingu svæða, bættar almenningssamgöngur og breytta landnotkun sem af því leiðir.

Í framhaldi af vinnu undangenginna ára, m.a. samkeppni sem haldin var 2018, hófst endurskoðun deiliskipulagsáætlana Miðbæjar Hafnarfjarðar. Gert er ráð fyrir að sú vinna haldi áfram á komandi árum. Slík endurskoðun er nauðsynleg til að styrkja og efla miðbæ Hafnarfjarðar sem aðdráttarafl gesta og samnefnara fyrir íbúa bæjarins, sem og til að nýta land og innviði vel.

Fyrir liggur rammaskipulag Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðisins frá 2020, unnið hefur verið að deiliskipulagsgerð nokkurra reita innan þess. Deiliskipulagsgerð Flensborgarhafnar er á lokastigi og deiliskipulagstillaga fyrir Óseyrarsvæðið liggur fyrir, sú tillaga öðlaðist ekki gildi og þarf því að endurskoða hana. Reiknað er með að vinna við þróun svæðisins haldi áfram og að hafin verði deiliskipulagsvinna fyrir fleiri reiti, m.a. við Hvaleyrarbraut einnig þarf að vinna að skipulagshugmyndum sem tengjast uppbyggingu Tækniskólans á þessu svæði.

Tengt stefnu um góða nýtingu á landi og þéttingu byggðar er hafin vinna við tillögu að íbúðabyggð fyrir allt að 50 íbúðir í sérbýlishúsabyggð á Þorlákstúni. Töluverð áskorun er að móta góða lausn byggðar á þessu svæði, þar sem það er m.a. í miklum halla og í nábýli við Reykjanesbraut, jafnframt því að halda í gæði svæðisins til útivistar og afþreyingar fyrir íbúa. Einnig verður til skoðunar að koma fyrir nokkrum íbúðum í sérbýlishúsum á Ólaruntúninu, jafnframt því að hanna góða og markvissa nýtingu á útivistarsvæðinu.

Aðalskipulag fyrir Vatnshlíð 1 og 2 verður hluti af heildar endurskoðun aðalskipulags og hefst vinna við deiliskipulagsgerð svæðanna á komandi árum. Auk íbúðauppbýggingar þarf að gera ráð fyrir leik- og grunnskólalóð og þjónustu. Fyrir svæðið Hraun-Vestur var samþykkt þróunaráætlun vorið 2023, sem var afrakstur vinnu undangenginna ára. Lögð er áhersla á blandaða byggð atvinnu og búsetu sem fæli m.a. í sér aukið byggingarmagn, bættar umferðartengingar og almenningssamgöngur. Vinna við breytingu á aðalskipulagi er í gangi. Í kjölfar hennar er gert ráð fyrir að aðilar á svæðinu geti unnið tillögur að breytingum deiliskipulags á sínum reitum/lóðum í samvinnu við skipulagsdeild.

Til að uppbygging íbúðahúsnæðis geti haldið áfram í Hafnarfirði er hafið samtal við SSH vegna breytinga á vaxtarmörkum íbúða- og atvinnusvæða innan svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Unnið verður áfram að því mikilvæga mali. Stefnt er að því að halda áfram að undirbúa frekari uppbyggingu í tengslum við orkunýtingu og ferðaþjónustu í Krýsuvík á komandi árum.

Auk ofangreinds má reikna með að vinna þurfi að tilfallandi breytingum á aðal- og deiliskipulagi sem og ýmsum umhverfisgreiningum/umhverfismati, samgöngumati tengt verkefnum ofl.

Rekstur skipulagsdeildar og byggingarfulltrúa verður óbreyttur frá fyrra ári nema hvað launakostnaður lækkar óverulega og tekjur verða örlítið lægri en 2024. Starfsmannafjöldi er óbreyttur á deildunum. Á næstu árum má búast við áframhaldandi uppbyggingu í Hafnarfirði og miklum umsvifum á deildunum.

Rekstraryfirlit:

Skipulags- og byggingarmál - m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	136	152	101
Samtals tekjur	136	152	101
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	151	154	152
Annar rekstrarkostnaður	113	94	34
Samtals gjöld	249	249	247
Rekstrarniðurstaða	(128)	(97)	(85)

Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála hækkar um 30 milljón króna á milli ára, eða sem nemur aukningu á framlagi til Strætó og hækkunar á innri leigu. Síðast liðið ár hefur verið rekinn næturstrætó til Hafnarfjarðar og verður því haldið áfram.

Rekstraryfirlit:

Umferðar- og samgöngumál – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	1.340	1.310	1.249
Samtals gjöld	1.340	1.310	1.249
Rekstrarniðurstaða	(1.340)	(1.310)	(1.249)

Umhverfismál

Reiknuð hlutdeild umhverfismála í rekstri er vegna opinna svæða og hækkar um 0,5 milljónir króna, vegna aukins viðhalds.

Rekstraryfirlit:

Umhverfismál – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	215	215	204
Samtals gjöld	215	215	204
Rekstrarniðurstaða	(215)	(255)	(204)

Sameiginlegur kostnaður

Stjórnsýslusvið er stoðsvið ásamt fjármálasviði og þjónustu- og þróunarsviði og annast almenna stjórnsýslu sveitarfélagsins. Málaflokkar sviðsins eru almenn stjórnsýsla sveitarfélagsins, lögfræðitengd málefni, persónuvernd, skjalavarsla, mannauðsmál og gæðamál. Jafnframt heyrir rekstur Lífsgæðaseturs St. Jó. undir stjórnsýslusviði.

Mannauðsdeild þróar og fylgir eftir mannauðsstefnu bæjarins og veitir ráðgjöf og stuðning við stjórnendur og starfsfólk í mannauðsmálum. Helstu viðfangsefni mannauðsdeildar eru ráðgjöf vegna starfsmannamála, stjórnendapjálfun, ráðgjöf við ráðningar, tilfærslur og breytingar á störfum, starfslok, veikindamál, kennsla og pjálfun á mannauðskerfi, viðbrögð við eineltis- og ofbeldismálum, túlkun kjarasamninga, starfsmannakannanir o.fl. Mannauðsdeild ber ábyrgð á jafnlaunavottun og launasetningu starfa hjá sveitarfélaginu.

Á árinu 2025 verður lögð áhersla á frekari þróun fræðslumála og pjálfunar fyrir starfsfólk og stjórnendur, m.a. með leiðtogaskóla. Mannauðsdeild sinnir reglubundnum skilum á tölfraðiupplýsingum og skýrslum til opinberra aðila, s.s. Hagstofu Íslands, og svarar reglubundið fyrirspurnum sem berast frá ráðum, nefndum og sveitarstjórn bæjarins. Hafnarfjarðarbær varð nýlega fyrst íslenskra sveitarfélaga heilsueflandi vinnustaður samkvæmt skilgreiningu Embættis landlæknis.

Lögfræðideild annast lögfræðileg málefni og fer með lögfræðilegt fyrirvar fyrir hönd sveitarfélagsins. Einnig sinnir lögfræðideild lögfræðilegri ráðgjöf til bæjarstjórnar, ráða og nefnda, stjórnenda og annarra starfsmanna. Lögfræðideildin annast jafnframt meðferð dóms- og kærumála á hendur bænum, auk upplýsingagjafar um tryggingamál og meðferðar bótamála.

Skjaladeild sér um að tryggja örugga meðferð og vörslu opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislusögu Hafnarfjarðarkaupstaðar að leiðarljósi. Markvisst er unnið að því að færa skjalamál í nútímalegra horf í samræmi við framtíðarstefnumörkun sveitarfélagsins í rafrænni meðferð skjala. Skjalasafni stjórnarskrifstofu Hafnarfjarðar var fyrir nokkrum árum komið fyrir í framtíðarhúsnæði að Hvaleyrarbraut 39, sem uppfyllir þær skyldur bæjarfélagsins sem kveðið er á um í lögum um opinber skjalasöfn, lögum um persónuvernd, sveitarstjórnarlögum, upplýsingalögum og ýmsum reglum og reglugerðum.

Húsnæði Lífsgæðaseturs St. Jó. er komið í fulla nýtingu og lokið við framkvæmdir á húsinu ef frá er talin kapellan. Hlutverk Lífsgæðasetursins er að halda utan um fjölbreyttan hóp fagfólks og samtaka sem vinna að því að auka lífsgæði fólks með einum eða öðrum hætti. Áhersla er á heilsu, samfélag og sköpunargáfu. Mikill áhugi er á rýmum og þjónustan fjölbreytt. Boðið er upp á forvarnir, heilsuvernd, snemmtæka íhlutun, ráðgjöf, samtalsmeðferð, námskeið og fræðslu, stuðning, sjúkrapijálfun og sköpun. Alls eru 25 rekstraraðilar í húsinu og eru þeirra stærst Parkinsonsamtökin, Alzheimer samtökin og Sorgarmiðstöðin.



Kostnaður stjórnsýslusviðs er nánast óbreyttur á milli ára samkvæmt áætlun ef frá er talin ein staða lögfræðings sem færast frá fjölskyldu- og barnamálasviði í lögfræðideild á stjórnsýslusviði.

Í stafrænum verkefnum var farið í endurhönnun á grunnskólavefjum, vef Tónlistarskóla Hafnarfjarðar auk þess sem vefmál leikskólanna voru endurskoðuð. Leikskólavefir voru lagðir niður um leið og tekið var í notkun nýtt leikskólaapp sem þjónar vel þörfum foreldra / aðstandenda sem og starfsfólks leikskólanna.

Samstarf við sprotafyrirtækið Evolv hélt áfram við innleiðingu á stafrænu vinnuafli (e. Robotic process automation) sem líkir eftir aðgerðum starfsfólks, vinnur með núverandi kerfum okkar og nýtir sér vélnám og gervigreind. Samstarfið gaf af sér mörg verkefni á fjármálasviði á árinu og er farið að skila miklum ábata. Mæling var gerð á ábata af einu verkefni þ.e. afstemmingu lánadrottna en alls vann stafræna vinnuaflið 2.342 afstemmingar á einu ári og var ábatinn 1 klukkustund af hverjum afstemmdum lánadrottni. Mikill umhverfislegur ávinningur var af verkefninu en verkefnið var kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.

Heildarfjármagn í aðkeypta þjónustu við stafræn verkefni á skrifstofu þjónustu- og þróunarsviðs verður um 70 milljónir króna sem er lækkun um 13 milljónir króna á milli ára en bætt verður við einu stöðugildi í stafræn verkefni sem samsvarar nokkurn veginn þeirri lækkun. Hluti fjármagnsins í stafræn verkefni er hlutdeild bæjarins í samstarfi sveitarfélaga í stafrænni þróun, alls 7 milljónir króna.

Á árinu hefur ferli byggingamála gjörbreyst og nú er svo komið að engum pappír þarf að skila til bæjarins vegna byggingamála, allt ferlið er orðið rafrænt. Unnið var ávinningsmat af verkefninu og útreikningar sýna að árlegur sparnaður af verkefninu er tæpar 15 milljónir króna á ári. Nánar má lesa um ávinningsmatið á vef bæjarins.

Unnið var áfram að innleiðingu á Workpoint málakerfinu á fjölskyldu- og barnamálsviði og mennta- og lýðheilsusviði. Verkefnið hefur reynst flóknara en búist var við en innleiðingu ætti að ljúka árið 2025 fyrir þessi svið.

Kostnaður við rekstur þjónustuvers er áætlaður 69,5 milljónir króna, sem er að langstærstu leyti launakostnaður, eða 67 milljónir króna. Síðastliðin ár hefur verið unnið markvisst að því að styrkja hlutverk þjónustuvers með fleiri verkefnum sem eru leyst í fyrstu snertingu. Starfsfólk þjónustuvers er virkt í nánast allri ferlavinnu sem er unnin og stærri verkefnum. Meðal verkefna sem þjónustuverðið hefur tekið til sín er umsjón með rafrænum undirritunum, ábendingagátt, kortavefur, útgáfa starfsmannaskírteina og endursetning lykilorða starfsfólks ásamt afgreiðslu ýmissa erinda sem áður var t.d. vísað til sérfræðinga fjárreiðudeildar og félagsþjónustu.

Rekstrarkostnaður þróunar- og tölvudeildar er áætlaður 579 milljónir króna á árinu; þar af eru vörukaup 155 milljónir króna og þjónustukaup 306 milljónir króna. Hækkun á rekstrarkostnaði deildarinnar má helst rekja til þess að tvö stöðugildi bættust í deildina í stað tölvuumsjónarmanna sem voru í grunnskólum.

Deildin hefur unnið að mörgum stórum þróunarverkefnum, m.a. í samstarfi við önnur sveitarfélög og Stafrænt Ísland, unnið að innleiðingu á nýju málakerfi Workpoint, nýju leikskólakerfi, Völunni, stafrænu vinnuafli, styrkt netkerfi bæjarins, innleitt nýtt



spjaldtölvukerfi fyrir grunnskólanna og unnið áfram að innleiðingu Teams, m.a. í grunnskólum.

Með hverju árinu og fleiri verkefnum sveitarfélagsins eykst krafa um upplýsingamiðlun. Miðlunum fjölgar og sífellt meiri áskorun er að ná til allra markhópa og aldurshópa í fjölbreyttu fjölmenningarsamfélagi. Miðlun fréttu, upplýsinga um viðburði og almennra upplýsinga á ensku heldur áfram að aukast, bæði á vef, Facebook og Instagram.

Framlag til upplýsinga- og kynningarmála verður 44 milljónir króna árið 2025, sem er óbreytt á milli ára.

Kostnaður vegna vinabæjasamskipta verður óbreyttur eða 2,2 milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Stjórnsýslusvið, fjármálasvið og þróunar- og þjónustusvið m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	90	89	85
Samtals tekjur	90	89	85
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.926	1.852	888
Lífeyrisskuldbinding	1.500	1.450	2.328
Annar rekstrarkostnaður	1.289	1.168	1.307
Samtals gjöld	4.713	4.470	4.523
Rekstrarniðurstaða	(4.626)	(4.380)	(4.438)

Mannauður:

Stjórnsýslu- og fjármálasvið	Fjöldi stöðugilda 2025	Fjöldi starfsm. 2025	Fjöldi stöðugilda 2024	Fjöldi starfsm. 2024	Fjöldi stöðugilda 2023	Fjöldi starfsm. 2023
Bæjarskrifstofa	37,5	33	35,0	33	32,1	33
Þróunar- tölvudeild	8	6	6	6	6	6
Þjónustuver	5,5	6	5,5	6	5,5	6
Samtals	51,0	45	46,5	45	43,6	45

Eignasjóður

Fráveita, Vatnsveita og Húsnæðisskrifstofa leggja til fé inn í A-hluta vegna umsýslu sinna eininga. Fráveita og Vatnsveita greiða rúmar 30 milljónir króna hvor og Húsnæðisskrifstofa tæpar 28 milljónir króna. Í byrjun árs 2024 var starfsmönnum í þjónustumiðstöð fjölgað og skýrir það hækkun launakostnaðar milli ára. Verkefni á sviðinu hafa aukist mikið og var þessi aðgerð til að bregðast við því. Launaáætlun er byggð á kjarasamningum og starfsmati. Heildarlaunakostnaður er 566 milljónir króna og hækkar um 21 milljónir króna milli ára.

Á árunum eftir hrun var mikill niðurskurður á viðhaldsfé vegna fasteigna og lóða bæjarins. Á árinu 2018 var viðhaldsfé aukið verulega eða um 200 milljónir króna milli ára og hefur jafnt og þétt verið aukið við viðhaldsfé til fasteigna og lóða bæjarins frá þeim tíma. Með nýjum byggingum í rekstri hjá sveitarfélaginu fjölgar samhliða fermetrum í viðhaldi. Árið 2025 hækkar viðhaldsfé um 70 milljónir króna, eða um 13%. Unnar eru ítarlegar skýrslur vegna viðhalds eigna á sviðinu á hverju ári og nýtast þær við gerð viðhaldsáætlana fyrir hverja stofnun fyrir sig. Stefnt er að því að undirbúningsvinna við útboð á viðhaldi eigna bæjarins hefjist strax í desember 2024, eftir að fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt. Útboð fari síðan fram snemma árs 2025.

Áætlun viðhalds:

Áætlað fjármagn 2024	% skipting	upphæð í þ.kr.
Skólar	30%	195.000.000
Leikskólar	20%	130.000.000
Sundlaugar/íþróttahús	20%	130.000.000
Annað húsnæði	15%	97.500.000
Ófyrirséð	15%	97.500.000
Samtals	100%	650.000.000

Rafmagnskaup sveitarfélagsins voru boðin út árið 2024 og viðhald gatnalýsingar árið 2022. Bæði útboðin voru bænum tiltölulega hagstæð en nokkur hækkun er þó á rafmagnsmarkaði. LED-væðing gatnalýsingar sem hófst 2022 hefur skilað mikilli lækkun á rafmagnskostnaði en nú er endurnýjun ljósa að mestu lokið.

Á árinu 2018 var að nýju farið að veita styrki til íbúa til glerskipta vegna umferðarhávaða frá umferðarmiklum götum í sveitarfélaginu. Til verkefnisins eru áætlaðar 8 milljónir króna. Íbúar sækja um styrk og eru umsóknirnar síðan metnar samkvæmt reglum sem bæjarstjórn samþykkir.

Kostnaður vegna hirðingar á hrossataði frá hesthúsum í Hlíðarþúfum er áætlaður um 12,6 milljónir króna og er hann óbreyttur milli ára. Hestamenn greiða fyrir þessa þjónustu bæjarins.

Viðhald gatna og gönguleiða er boðið út að mestu, sem og merkingar gatna. Fyrir árið 2024 eru áætlaðar um 320 milljónir króna í þessa liði, sem er aukning um 45 milljónir króna milli ára, eða 16%. Hækkunin skýrist að mestu af hækkun á fjármagni til

yfirlagninga gatna. Enn er nokkur uppsöfnuð viðhaldsþörf í gatnakerfi bæjarins en mikið hefur þó áunnist síðustu ár. Haldið verður áfram með fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni.

Boðið er upp á pöntunarþjónustu Strætó í Hellnahrauni auk þess sem Leið 1 ekur nú inn að Skarðshlíð. Jafnframt var samþykkt á árinu að hefja aftur akstur á næturstrætó. Haldið verður áfram að fjölga biðskýlum í bænum í samræmi við fjölda innstiga á hverri biðstöð fyrir sig. Þar sem flest innstig eru koma ný biðskýli.

Snjómokstur og hálkuvarnir eru unnar að mestu með tækjum og af starfsfólki þjónustumiðstöðvar bæjarins, en einnig eru tæki verktaka tiltæk þegar mest snjóar. Hluti snjóruðnings og hálkuvarna á stígum er í verktöku. Kostnaður vegna snjómoksturs og hálkuvarna gatna og stíga er áætlaður um 182 milljónir króna árið 2025, sem er hækkan um 54 milljónir. Raunkostnaður hefur verið mjög breytilegur á milli ára og er hér hækkaður til samræmis við reynslu undanfarinna ára.

Fyrir árið 2025 eru áætlaðar um 220 milljónir króna til viðhalds og reksturs á opnum svæðum, sem er aukning um 19 milljónir króna, eða um 17%. Undanfarin ár hefur verið unnið að enn frekari fegrun í bænum. Umhverfis- og auðlindastefna bæjarins, sem samþykkt var vorið 2018, fékk úthlutað fé á þessu ári til að vinna að hinum ýmsu verkefnum sem eru á aðgerðaáætlun hennar, svo sem kolefnisjöfnun sveitarfélagsins, vinnu við loftlagsstefnu o.fl. Miðað er við að sama upphæð verði lögð til þeirra verkefna árið 2025, eða 15 milljónir króna.

Meira hefur verið lagt í snyrtingu bæjarins, og þá sérstaklega miðbæjarins, á síðustu árum. Áfram verður lögð áhersla á hreinsun og fegrun miðbæjarins, verkferlar hafa verið gerðir skýrari og ábyrgð skilgreind. Haldið verður áfram með uppbyggingu og lagfæringar í Hellisgerði og á Víðistaðatúni, en undanfarin ár hefur verið unnið við ýmis verkefni á þessum stöðum. Árið 2022 var hafin vinna við endurbætur í Hellisgerði og nú í ár voru stígar lagaðir en garðurinn átti 100 ára afmæli 2023. Á næsta ári verður haldið áfram við að fegra garðinn. Umhverfisvaktin verður áfram auglýst á árinu 2025, en hún hefur hjálpað mjög til við að hreinsa opin svæði í bænum. Jafnframt vinnur þjónustumiðstöð að hreinsunarmálum. Aukið er við fjármagn til kaupa á plöntum til að stuðla að frekari fegrun bæjarins, m.a. til að skreyta hjörtun þrjú í takti við árstíðir. Haldið verður áfram með viðhald á leiksvæðum og opnum svæðum, en reglulega eru gerðar úttektir á svæðunum og verkefnum síðan forgangsraðað. Viðurkenningar fyrir snyrtilega og fallega garða og umhverfi verða áfram veittar. Fjármagn til jólalýsingar er aukið en bætt hefur verið við jólalýsingu í bænum, svo sem úti í hverfum, í miðbænum og í Hellisgerði.

Mikil óvissa er um framhald verkefna í Krýsuvík á næsta ári, en unnið hefur verið við frágang í Seltúni í Krýsuvík eftir hlé vegna jarðhræringa á Reykjanesi og verður þeirri vinnu haldið áfram næsta sumar. Unnið er að því að bæta aðstöðu við Krýsuvíkurborg, sem og að bæta aðstöðu til útivistar í Kaldárseli.

Sláttur á opnum svæðum verður áfram boðinn út að hluta eins og áður. Með þessu á bæjarvinnan auðveldara með að sinna slætti á öðrum svæðum, en nokkuð hefur bæst við af svæðum samhliða frágangi í nýjum hverfum. Beðahreinsun verður aftur boðin út, en með því ætti Vinnuskólinn að eiga auðveldara með að viðhalda beðunum á öðrum stöðum meðan hann starfar. Unnið verður áfram að viðhaldi leiksvæða sem og leikskólalóða og skólalóða.



Viðhald hjá eignasjóði frá árinu 2019:

Viðhald - þús.kr.	Raunkostnaður 2019	Raunkostnaður 2020	Raunkostnaður 2021	Raunkostnaður 2022	Raunkostnaður 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
Viðhald húsnæðis og búnaðar	590.615.000	474.667.000	559.739.000	540.201.000	591.294.000	584.394.000	653.000.000
Viðhald gatnasvæða	197.294.000	185.750.000	181.954.000	209.267.000	251.434.000	273.414.000	319.649.000
Viðhald opinna svæða	119.812.000	132.742.000	133.721.000	138.683.000	143.261.000	188.678.000	220.057.000

Rekstraryfirlit:

Eignasjóður – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	8.598	8.682	9.087
Samtals tekjur	8.598	8.682	9.087
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	566	545	529
Annar rekstrarkostnaður	2.888	2.485	2.553
Afskriftir	1.207	1.020	1.023
Fjármagnsliðir	3.1741	3.245	3.386
Samtals gjöld	7.835	7.269	7.491
Rekstrarniðurstaða	761	1.387	1.596

Vatnsveita

Rekstur Vatnsveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Vatnsveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu og stjórnsýslu, 30,4 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar umsýslu miðlægt fyrir Vatnsveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnsýslu og stjórnun. Haldið verður áfram að vinna að auknu afhendingaröryggi veitunnar og auknum afköstum vegna fjölgunar íbúa og fyrirtækja í bænum. Auk þess verður áfram unnið að sameiginlegum málum vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstraryfirlit:

Vatnsveita – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	482	452	443
Samtals tekjur	482	452	443
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	85	86	82
Annar rekstrarkostnaður	145	120	108
Afskriftir	79	79	78
Samtals gjöld	309	285	268
Rekstrarniðurstaða	173	167	175

Fráveita

Rekstur fráveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Tekjur vegna fráveitu hækka, vegna fjölgunar húsnæðis í Hafnarfirði. Fráveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagssviðs og stjórnsýslu, 30,4 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar miðlægrar umsýslu fyrir fráveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnsýslu og stjórnun. Haldið verður áfram að vinna að auknu rekstraröryggi veitunnar og afkastagetu til að bregðast við fjölgun íbúa og fyrirtækja í Hafnarfirði.

Rekstraryfirlit:

Fráveita – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1.162	1087	954
Samtals tekjur	1.162	1087	954
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	47	46	43
Annar rekstrarkostnaður	204	197	145
Afskriftir	123	123	121
Fjármagnsliðir	102	53	60
Samtals gjöld	476	420	370
Rekstrarniðurstaða	687	666	584

Húsnæðisskrifstofa

Hafnarfjarðarbær á 277 íbúðir sem eru reknar af Húsnæðisskrifstofu og 12 íbúðir sem leigðar eru til endurleigu, þar af níu frá Bjargi íbúðafélagi og þrjár frá Framlínunni. Einnig eru tíu íbúðir í eigu Skarðshlíðar íbúðafélags. Starfsmenn Húsnæðisskrifstofu sjá einnig um viðhaldsmál á 40 einstaklingsíbúðum á Norðurhelli 15 og 17, í samvinnu við fjölskyldu- og barnamálasvið. Tvær íbúðir voru seldar á árinu.

Samtals er Húsnæðisskrifstofa því með 339 íbúðir í umsjón og viðhaldi.

Á árinu 2024 hafa verið keyptar þrjár íbúðir. Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda. Þess vegna er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 250 milljónir króna á ári til fjárfestingar í kerfinu á árunum 2024–2027. Leiguverð íbúða Hafnarfjarðarkaupstaðar var í október 2024 2.100 kr./m² og er það bundið vísitölu og breytist á milli mánaða.

Rekstrarkostnaður þessara íbúða felst helst í almennu viðhaldi, svo sem málun og viðhaldi á innréttingum og gólfefni, auk þátttöku í viðhaldi sameigna og utanhússviðhaldi. Þegar íbúðir skipta um leigjendur eru þær teknar út og farið í allsherjarviðhald. Kostnaður við þessa liði hefur aukist nokkuð vegna meiri veltu á íbúðum. Þá eru húsfélög að taka við sér og er vöxtur vegna viðhalds á sameignum frá því sem verið hefur undanfarin ár. Hækkun á milli ára skýrist af hluta til af viðhaldsverkefnum húsfélaga. Heildarviðhaldsfé er um 234 milljónir króna.

Á síðustu árum hafa verið teknir í notkun tveir búsetukjarnar, annars vegar á Arnarhrauni og hins vegar á Öldugötu. Viðhald þeirra eigna er á höndum Húsnæðisskrifstofu.

Kostnaður við viðhald íbúða Húsnæðisskrifstofu:

	Raunkostnaður 2019	Raunkostnaður 2020	Raunkostnaður 2021	Raunkostnaður 2022	Raunkostnaður 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
Viðhald íbúða 							
Húsnæðisskrifstofu	79.100.000	89.157.000	138.506.000	136.391.000	154.609.000	234.000.000	234.000.000

Húsnæðisskrifstofa greiðir hlutdeild af kostnaði til umhverfis- og skipulagssviðs og fjölskyldu- og barnamálasviðs, alls 27,26 milljónir króna. Verið er að færa raunkostnað vegna starfsmanna sviðanna á málaflokkinn.

Rekstraryfirlit:

Húsnæðisskrifstofa – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	696	617	656
Samtals tekjur	696	617	656
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	413	412	391
Afskriftir	270	86	88
Fjármagnsliðir	268	329	226
Samtals gjöld	951	827	604
Rekstrarniðurstaða	(256)	30	(49)

Mannauður á umhverfis- og skipulagssviði:

Umhverfis- og skipulagssvið	Stöðugildi Starfsmenn 2025	Stöðugildi Starfsmenn 2025	Stöðugildi Starfsmenn 2024	Stöðugildi Starfsmenn 2024	Stöðugildi Starfsmenn 2023	Stöðugildi Starfsmenn 2023
Skipulags- og byggingarmál	9	9	8.5	9	9.5	10
Framkvæmdamál	18	18	18	18	15	15
Þjónustumiðstöð	19	19	19	19	19	19
Vatnsveita	5	5	5	5	5	5
Fráveita	3	3	3	3	3	3
Samtals	54	54	53.5	54	51.5	52

Hafnarfjarðarhöfn

Jarðhræringar og eldsumbrot sem hófust í nágrenni Grindavíkur þann 10. nóvember 2023 höfðu umtalsverð áhrif á starfsemi Hafnarfjarðarhafna. Skipakomum fjölgaði verulega og grindvísk fiskiskip og togarar lönduðu afla sínum að stórum hluta og nýttu sér þjónustu í Hafnarfjarðarhöfn fram eftir árinu 2024.

Alls voru skipakomur á fyrstu 8 mánuðum ársins 430 talsins en voru á sama tíma á sl. ári 274, sem er hátt í 60% aukning. Mest var aukningin milli ára í komum fiskiskipa eða úr 26 í 100, sem er nær fjórföldun, og íslenskra togara, sem nær tvöfölduðust, fóru úr 88 í 162 á fyrstu 8 mánuðum ársins.

Auknar skipakomur skilaðu sér í mikilli viðbót í lönduðum afla. Á fyrstu 8 mánuðum ársins 2024 var landað tæplega 42 þúsund tonnum af bolfiski, sem er nokkuð meira en á öllu árinu 2023. Aukning hefur einnig verið í löndunum erlendra togara á árinu. Á fyrstu 8 mánuðum ársins var búið að landa um 20 þúsund tonnum en allt árið 2023 var liðlega 22.000 tonnum landað. Heildarlöndun sjávarafla gæti að óbreyttu farið nokkuð yfir 50 þúsund tonn á þessu ári, sem er það mesta sem verið hefur um langt árabil.

Umferð vöruflutninga- og farþegaskipa og annarra stærri skipa hefur aukist síðustu árin og er sambærileg á þessu ári og því síðasta eða um 100 skip á fyrstu 8 mánuðum ársins. Reikna má með einhverri fjölgun vöruflutningaskipa á komandi ári. Nokkur óvissa er hins vegar um þróun í komum farþegaskipa vegna áætlana stjórnvalda um breytingar á tollaákvæðum en bókanir fyrir næstu ár eru enn óbreyttar eða um 25–30 skip.

Áætlað er að tekjur hafnarsjóðs á árinu 2024 verði liðlega 1 milljarður króna en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 930 milljónum. Áætlun fyrir 2025 gerir ráð fyrir heildartekjum upp á um 1 milljarð. Breyting er fyrirsjáanleg á lóðartekjum þar sem stór hluti lóða við Flensborgarhöfn og Suðurhöfn eru utan hafnarsvæðis samkvæmt nýju skipulagi. Unnið er að gerð samkomulags milli hafnarsjóðs og bæjarsjóðs um yfirfærslu og uppgjör á þeim lóðabreytingum.

Á árinu 2024 hefur verið unnið að hækkun á norðurkanti Óseyrarbryggju og er því verki að ljúka, en nýtt rannsóknarskip Hafrannsóknarstofnunar mun liggja við þann bakka. Samhliða afgreiðslu á nýju skipulagi Flensborgarhafnar er verið er að ljúka skipulagsvinnu fyrir Hamarshöfn. Vinna við dýpkun mun hefjast á komandi vetri. Í framhaldi af því verður farið í landfyllingar og gerð varnargarðs. Stefnt er því að ljúka framkvæmdum við Hamarshöfn á næstu þremur árum.

Þá verður unnið að endurbyggingu Norðurgarðs og því verki væntanlega lokið á árinu 2026. Niðurstaða umhverfismats vegna stækkunar hafnarsvæðis í Straumsvík og efnistöku úr Rauðamelsnámu er væntanleg innan tíðar og ákvörðun um framkvæmdir munu skýrast í byrjun næsta árs. Önnur helstu framkvæmdaverkefni verða m.a. frágangur á nýju uppsátri við Hvaleyrarhöfn, endurnýjun á flotbryggjum innan við Óseyrarbryggju og forvinna fyrir mögulega stækkun Hvaleyrarbakka til austurs auk væntanlegs flutnings hafnarskrifstofu og hafnarvigtar innan hafnarsvæðis.



Rekstraryfirlit:

Hafnarfjarðarhöfn – m.kr.	Áætlun 2025	Áætlun 2024	Ársreikn. 2023
Tekjur:			
Þjónustugjöld	979	931	931
Samtals tekjur	979	931	931
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	323	303	292
Lífeyrisskuldbinding	47	35	27
Annar rekstrarkostnaður	280	242	233
Afskriftir	129	126	120
Fjármagnsliðir	(50)	(22)	(45)
Samtals gjöld	729	684	627
Rekstrarniðurstaða	270	247	304

Mannauður:

Hafnarfjarðarhöfn stöðugildi	Fjöldi stöðugilda 2024	Fjöldi starfsm. 2024	Fjöldi stöðugilda 2023	Fjöldi starfsm. 2023	Fjöldi stöðugilda 2022	Fjöldi starfsm. 2022
Hafnarfjarðarhöfn	14	14	14	14	13	13

Framkvæmdaáætlun 2025

Eignasjóður

Fjárheimild til framkvæmda árið 2025 er rúmlega 8,7 milljarðar króna. Hluti af þessari upphæð er til frekari uppbyggingar á Suðurrhöfninni, kaupa á félagslegu húsnæði og framkvæmda Vatnsveitu og Fráveitu. Í fjárhagsáætlun 2025 er lögð áhersla á forgangsroðun í grunnþjónustu, svo sem umhverfismálum, samgöngum, íþróttaaðstöðu og húsnæðis- og fráveitumálum og forgangsraðað í auknu viðhaldi skólahúsnæðis.

Hafnarfjarðarbær er aðili að samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, þar sem gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu á samgöngumannvirkjum á svæðinu. Seint á árinu 2024 var boðinn út fyrri áfangi gatnagerðar í 2. áfanga að íbúðahverfi í Áslandi 4 og sá seinni verður boðinn út næsta sumar. Unnið verður við frágangsmál í nýbyggingarhverfum svo sem Hamranesi, Skarðshlíð sem og atvinnuhverfum. Jafnframt er verið að vinna deiliskipulag fyrir nýtt atvinnuhverfi í Hellnahrauni 4. Mikil eftirspurn er eftir lóðum í sveitarfélaginu. Hafinn verður undirbúningur á breytingum í Flensborgarhöfn og Óseyrarhverfinu en þar er verið að gera ráð fyrir breyttri landnotkun.

Vegagerðin bauð út tvöföldun á Reykjanesbraut frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni snemma á árinu 2023 og eru framkvæmdir hafnar en verklok eru áætluð 2026.

Haldið verður áfram frágangi á nýbyggingarsvæðum víðs vegar um bæinn, svo sem með malbikun, umferðaröryggismálum, gerð stétta, stíga og leiksvæða og almennri grænkun svæða.

Þá verður unnið áfram að endurgerð gatnamóta, gangstétta, og gönguleiða í bænum. Unnið verður að öðrum frágangs- og umferðaröryggismálum í bænum, sem og endurnýjun eldri leiksvæða. Sérstakt fjármagn er lagt til í því skyni að efla hjólríðaleiðir í sveitarfélaginu.

Sérstakt fjármagn er ætlað til vinnu að ýmsum verkefnum á sviði umhverfismála. Hellisgerði varð 100 ára árið 2023 og er sérstakt fjármagn ætlað til þess að halda áfram fegrun garðsins. Efla á aðstöðu til sjósunds við Langeyrarmalir. Sérstakt fjármagn verður sett í að auka gróður í hverfum bæjarins, þar sem hugað verður að skjólmyndun og fegrun. Einnig verður áttak í gróðursetningu í Áslandi og á Völlum. Þá verður sett fjármagn til uppbyggingar á ferðamannastöðum í sveitarfélaginu. Aukið fjármagn er sett í jólaskeytingar. Áætlað að opna um 20 nýja hleðslustöðvar fyrir bíla víðs vegar um bæinn á næsta ári.

Fjármagn er ætlað til ýmissa verkefna í skólahúsnæði sveitarfélagsins og lóðum. Unnið hefur verið að LED-væðingu í húsnæði sveitarfélagsins og verður settur aukinn þungi í það, en framleiðslu á natríumperum hefur verið hætt.

Nýr leikskóli mun opna í Hamranesi eftir áramót en jafnframt verður nýr leik- og grunnskóli í Hamranesi undirbúinn.



Aukið verður verulega í fjármagn til endurgerðar á grunn- og leikskólalóðum. Jafnframt er sett fjármagn til viðhalds á Hvaleyrarskóla, Hraunvallaskóla, Setbergsskóla og Tónlistarskóla

Haldið verður áfram með undirbúning á endurgerð á fimmtu hæð Sólvangs ásamt endurgerð á eldri hluta hússins. Á árinu 2024 keypti Hafnarfjarðarbær Strandgötu 8-10 og verður haldið áfram vinna við endurskipulagningu á húsnæði ráðhússins. Nýtt bókasafn mun opna 2025 í Firði og undirbúningur að því í fullum gangi.

Á árinu 2025 verður haldið áfram við frekari endurbætur á aðstöðu Suðurbæjarlaugar, sem eru m.a. endurbætur á búningsaðstöðu og breytingar innanhúss en 2024 var lokið við gerð potta, gufu, setlaugar og vakthúss. Haldið verður áfram við að undirbúa hönnun á útisvæði við Ásvallalaug með það að markmiði að auka fjölbreytileika laugarinnar. Í Sundhöllinni verður hugað að endurgerð búningssklefa.

Unnið er að uppbyggingu á nýju knatt húsi á félagssvæði knattspyrnufélagsins Hauka en áætlanir gera ráð fyrir að knattspyrnusalurinn taki til starfa í upphafi árs 2025. Einnig er verið að klára uppbyggingu nýrrar reiðhallar á félagssvæði Hestamannafélagsins Sörla og mun henni ljúka á næstu vor.

Á næsta ári verður unnið að endurgerð innanhúss hjá FH, Haukum og Björkunum.

Hafin verður bygging að nýjum búsetukjarna í Smyrlahrauni og áætlað að hann opni 2026.

Vatnsveita

Áfram verður unnið að endurnýjun heimæða Vatnsveitunnar, en þar hefur myndast nokkur uppsöfnuð þörf. Auk þess verður augin áhersla lögð á lekaleit og endurgerð stofnlagna. Haldið verður áfram með undirbúningsvinnu við vatnsöflun úr nýjum borholum og skoðaðir möguleikar á aukinni vatnstöku í Kaldárbotnum eða af öðrum svæðum. Vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar þarf að færa lokahús Vatnsveitu auk þess sem færa þarf vatnslögn við undirgöng. Áfram verður unnið að auknu rekstraröryggi veitunnar með bættum stjórn- og öryggiskerfum.

Fráveita

Byggt verður dæluhús fráveitu á Geymslusvæðinu og byrjað á endurbótum á dælubrunnum. Haldið verður áfram með ræsi sem kemur til með að taka við fráveitu frá nýjum hverfum í Áslandi 4 og Vatnshlíð. Vegna þéttingu byggðar þarf að endurnýja fráveitulagnir og auka afkastagetu fráveitunnar. Af öðrum stærri verkefnum sem fram undan eru má nefna endurnýjun á dælum og búnaði, auk þess sem reikna má með auknum kröfum um hreinsun skólps á næstu árum.

Húsnæðisskrifstofa

Árin 2025–2028 er gert er ráð fyrir að verja 250 milljónum króna á ári til kaupa á félagslegum íbúðum eða samtals fyrir 1.000 milljónum króna.

Fjárfestingar 2025-2028

	2025	2026	2027	2028
	upphæð í mkr	upphæð í mkr	upphæð í mkr	upphæð í mkr
Götur	2.123	2.500	3.000	3.000
Götur	1.340	1.000	1.500	1.500
Hamranes I, gatnagerð	20			
Ásland 4, gatnagerð 2. áfangi	800			
Skarðshlíð 3 áfangi, rest í gatnagerð	20			
Hellnahraun III, rest í gatnagerð	20			
Hellnahraun 4, hönnun	50			
Reykjanesbraut, tvöföldun við Straumsvík	250			
Malbikun, lok gatnagerðar - Ásland/Vellir/Skarðshlíð/Selhraun/Hellnahraun	100			
Flensborgarhöfn, nýtt hverfi	20			
Oseyrarhverfi, nýtt hverfi	20			
Lagfæringar á regnvatnskerfi bæjarins	20			
Vegkantar, lagfæringar	20			
Gönguleiðir/reiðleiðir	783	1.000	1.000	1.000
Haldið verður áfram við frágang stétta, umferðaröryggismála og grassvæða á nýbyggingarsvæðunum svo sem Skarðshlíð, Hamranes, Selhrauni, Hellnahraun II og III, Tjarnarvellir, Haukasvæði, Ásvallabraut.	200			
Reykjavíkurvegur, göngu- og hjólastígur	20			
Bæjarhraun, göngu- og hjólastígur	20			
Endurgerð stétta í eldri hverfum	100			
Gráhelluhraun, gerð stíga	30			
Annað	413	500	500	500
Hindranir, nýjar	15			
Hraðavaraskilti	10			
Hljóðvistarverkefni, greining á svæðum skv reglugerð	5			
Gatna- og stígalýsing, endurnýjun lýsingar í LED	40			
Endurnýjun umferðarljósa	25			
Rafhleðslustöðvar, nýjar stöðvar	20			
Samgöngusamningur SSH við ríkið	248			
Tækjakaup	30			
Oskilgreint í götum og umhverfi	15			
Umhverfi	160	100	100	100
Hellisgerði, lagfæringar á garðinum	30			
Langeyraramalir, sjóbaðsaðstaða	5			
Umhverfismál og afþreying	60			
Grænkun hverfa	30			

Jólaþorp, endurnýjun húsa	10			
Jólalýsing, endurnýjun á lýsingu	10			
Blómagarður /átak í blómum og kerjum	5			
Uppbygging ferðamannasvæða	10			
<i>Fasteignir</i>	4.392	3.800	3.380	3.500
Skólar	2.250	2.000	1.780	2.000
Hraunvallaskóli, lagfæringar	40			
Setbergsskóli, lagfæringar	25			
Hvaleyarskóli, lagfæringar	100			
Hamranesskóli, nýr grunn- og leikskóli	1.100			
Hamranes, nýr leikskóli	285			
Hamravellir, lagfæring bílastæða	5			
Skólalóðir, endurgerð skólalóða	75			
Skólalóðir, endurgerð leikskólalóða	75			
Tónlistarskólinn, lagfæringar	50			
Tækniskólinn, nýr skóli	500			
Íþróttafélög	486	300	200	200
Sörli, ný reiðhöll	300			
Sörli, breytingar á gatnakerfi	10			
Haukar, nýtt knattús	10			
Hauka, lagfæringar lagna	10			
Haukar, forrými og salefni Knattús	100			
FH, viðhald	15			
Bjarkirnar, brunavarnir	3			
Keilir, vélaskemma/starfsmannaaðstaða	21			
Keilir, hurðir í Hraunkoti og öryggisnet	17			
Sundlaugar, íþróttahús og búsetukjarnar	175	200	300	200
Suðurbæjarlaug, endurnýjun	100			
Ásvallalaug, hönnun útisvæðis	40			
Ásvallalaug, viðhald lagna	5			
Ásvallalaug, viðhald á yfirborði laugar	20			
Sundhöllin, viðhald inni	10			
Annað húsnæði	1.175	1.000	1.000	1.000
Bókasafnið í Firði	766			
Hafnarborg, ný lyfta	10			
Nýsköpunarsetrið, lagfæringar	10			
Sólvangur 5, hæð, hönnun	1			
Sólvangur, viðhald	15			
Suðurgata 14, viðhald	20			
Smyrlahraun, nýr búsetukjarni	100			
Selhella, innra skipulag	75			
Fjörður, viðhald	8			
Ráðhúsið, kaup á Linnetsstíg	100			
Ráðhús, viðhald glugga	10			

Ráðhúsið, endurskipulagning á Strandgötu 8-10	50			
Ráðhúsið, viðhald á þak	20			
Annað	306	300	100	100
Bláfjöll, stofnframlaga	16			
Hljóðvistarmál í húsnæði bæjarins	20			
Aðgengismál í húsnæði bæjarins	20			
Loftræstingar í húsnæði bæjarins	50			
LED-væðing í húsnæði og lóðum stofnanna	150			
Stofnbúnaður	30			
Oskilgreint í húsnæði	10			
Veitur	upphæð í mkr	upphæð í mkr	upphæð í mkr	upphæð í mkr
	1.217	1.000	1.000	1.000
Vatnsveita		500	500	500
Endurgerð heimæða Vatnsveitu	150			
Lekaleit og endurgerð stofnlagna	70			
Aukin afkastageta vatnsveitu, nýtt vatnsból	189			
Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins	11			
Fjölgun á mæli / vöktunarbrunnum	30			
Lagfæringar á húsnæði og búnaði vatnsveitu	50			
Kostnaður v tvöföldunar Reykjanesbrautar	12			
Stjórnkerfi og öryggismál	15			
Endurnýjun brunahana	40			
Þétting byggðar	15			
Endurnýjun vatnsnotkunarmæla	5			
Endurnýjun / þræðing lagnar við Suðurbraut	50			
Endurnýjun lagna í tengslum við endurnýjun gatna	50			
Annað	20			
Fráveita		500	500	500
Endurgerð heimæða fráveitu	70			
Fóðranir og lagfæringar á fráveitulögnum	70			
Dæluhús byggð í stað dælubrunna	40			
Lagfæringar á húsnæði og búnaði fráveitu	50			
Aukin afkastageta fráv. og auknar kröfur til hreinsunar	150			
Hraunavík, aukin afkastageta				
Þétting byggðar	15			
Endurnýjun lagna í tengslum við endurnýjun gatna	50			
Sverun lagnar frá Áslandi 4	45			
Annað	20			
Húsnæðisskrifstofa	upphæð í mkr	upphæð í mkr	upphæð í mkr	upphæð í mkr
Kaup á íbúðum	250	250	250	250



<i>Skipulagsvinna</i>	upphæð í mkr	upphæð í mkr	upphæð í mkr	upphæð í mkr
Verkefni sjá greinagerð undir 2.10 Skipulags- og byggingarmál	240	190	180	200
<i>Hafnarsjóður</i>	upphæð í mkr	upphæð í mkr	upphæð í mkr	upphæð í mkr
Uppbygging á Suðurhöfn	325	505	450	300
Samtals	8.707	8.345	8.360	8.350

Flokkar

	2025	2026	2027	2028	
Gatnagerð, gönguleiðir ofl	2.123	2.500	3.000	3.000	
Umhverfismál	160	100	100	100	
Skólahúsnæði	2.250	2.000	1.780	2.000	
Íþróttafélög	486	300	200	200	
Sundlaugar	175	200	300	200	
Annað húsnæði	1.481	1.300	1.100	1.100	
Skipulagsvinna	240	190	180	200	
Vatnsveita	707	500	500	500	
Fráveita	510	500	500	500	
Húsnæðisskrifstofa	250	250	250	250	
Hafnarsjóður	325	505	450	300	
	8.707	8.345	8.360	8.350	